



# Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi

Skýrsla III



Sindri Ellertsson Csillag  
2015

Forsíðumyndin sýnir selstöðu Gufuskála í Löngulág (ljósm. Sindri Ellertsson Csillag).

© Sindri Ellertsson Csillag, (September 2015).

Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi III

Útgefandi: Fornleifafræðistofan

Útgáfustaður: Reykjavík

**FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Markmið .....	5
3. Fornleifaskráning.....	8
3.1. Selstöður Gufuskála .....	8
3.1.1. Selstaða í Kálfadölum (107:1-2).....	9
3.1.2. Selstaða undir Rauðhól (108:1-6).....	10
3.1.3. Selstaða í jaðri Prestahrauns (109:1-5).....	11
3.1.4. Selstaða í Prestahrauni (111:1-7).....	12
3.1.5. Selstaða í Prestahrauni (112:1-5).....	14
3.1.6. Selstaða í Löngulág (113:1-4).....	15
3.1.7. Samantekt á selstöðum Gufuskála .....	16
3.2. Selstöður Hraunskarðs (115:1-5).....	17
3.3. Selsöður Hellu.....	19
3.3.1. Selstaða Hellu hin yngri (116:1-2).....	19
3.3.2. Selstaða Hellu hin eldri í Breiðadal (117:1) .....	20
3.4. Selstöður í landi Ingjaldshóls.....	21
3.4.1. Selstaða í Dýjadal (119:1-5) .....	23
3.4.2. Selstöður í Hólsdal (120:1-6).....	24
3.4.3. Samantekt á selstöðum Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegur.....	26
3.5. Selstöður Skarðs og Þæfusteins í Skarðslandi. ....	27
3.5.1. Selstaða Skarðs undir Viðurhlíð (131:1-6) .....	29
3.5.2. Selstaða Þæfusteins í Skarðslandi upp af Ausulágum (132:1-2) .....	30
3.6. Selstöður Foss og Vaðstakksheiðar .....	31
3.6.1. Selstaða í Fossdal við Laxá í landi Vaðstakksheiðar (122:1-5).....	32
3.6.2. Selstaða í Fossdal við Laxá í landi Vaðstakksheiðar (121:1-3).....	33
3.6.3. Selstaða Vaðstakksheiðar framarlega í Fossdal (124:1-2).....	34
3.6.4. Fosssel í landi Sveinsstaða (124:1-2).....	35
3.6.5. Samantekt á selstöðum Vaðstakksheiðar og Foss.....	37

3.7. Selstaða Ólafsvíkur (125:1-n).....	37
3.8. Selstöður í landi Fróðár á Fróðárheiði .....	39
3.8.1. Slögusel í landi Fróðár (127:1-7).....	39
3.8.2. Selstaða í Hestdal í landi Fróðár (126:1-2) .....	41
3.9. Selstaða Brimilsvalla (130:1-n) .....	42
3.10. Selstaða Hrísa við Hrísá (128:1).....	43
3.11. Selstaða Mávahlíðar í Kálfadal (129:1-3).....	45
4. Samantekt og umfjöllun.....	47
4.1. Rústirnar.....	47
4.2. Selstaða eða býli .....	53
4.3. Staðsetning seljanna.....	55
4.4 Hugmyndir manna um seljabúskap.....	56
5. Lok rannsóknar .....	62
6. Heimildaskrá.....	63
7. Fornleifaskrá.....	69

## 1. Inngangur

Sumarið 2015 fór fram þriðji hluti verkefnisins Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem markiðið er að skrásetja allar þekktar selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi sem og aðrar þær er verða á vegi rannsakenda. Viðfangsefni rannsóknarinnar var í þetta skipti Nesþing sem að fornu skiptist í Neshrepp utan og innan Ennis. Allt svæðið tilheyrir nú Snæfellsbæ og er hluti af því innan Snæfellsjökulspjóðgarðs. Breyting varð á rannsóknarteyminu en vettvangsvinnu önnuðust nú Ármann Dan Árnason (BA) og Sindri Ellertsson Csillag (MA), fornleifafraeðingar. Vettvangsvinna fór fram dagana 29. júní – 3. júlí. Verkefnið var sem fyrr unnið fyrir styrk úr Fornminjasjóði en bæjarstjórn Snæfellsbæjar styrkti verkefnið með því að útvega gistingu. Kostunaraðilum eru færðar hinar bestu þakkir fyrir góða samvinnu og viðkyrningu en sérstakar þakkir fá Lúðvík Smárason, byggingafulltrúi Snæfellsbæjar, Guðbjörg Gunnarsdóttir, þjóðgarðsvörður, og Sæmundur Kristjánsson í Rifi fyrir aðstoð og upplýsingar.

## 2. Markmið

Kveikjuna að verkefninu má rekja til gönguferðar um Þórsárdal í Helgafellssveit þar sem gengið var fram á selstöðu Hrísa. Í kjölfarið var lagst í heimildaleit þar sem upp úr krafsinu kom ritgerð um selstöður í Helgafellssveit sem Guðbrandur Sigurðsson, bóndi, hreppstjóri og alþýðufræðimaður á Svelgsá hafði ritað í héraðsritið *Breiðfirðing*. Guðbrandur lauk greininni á þessum orðum (Guðbrandur Sigurðsson 1957:75-76):

Hér er mikið þjóðfræðilegt verðmæti horfið í gleyskunnar djúp. Það er því ráð að spyrna við fótum og reyna að bjarga því, sem bjargað verður. Allar fremstu menningarþjóðir leggja kapp á það að vernda þjóðminjar sínar, stórar og smáar, og halda þeim í heiðri. Þær trúa því, að ef tengslin milli fortíðar og framtíðar eru afrækt, sé skammt til ófarnaðar. Það, sem hér þarf að gjöra, er þetta: Það á að skrásetja allar seltóftir í landinu. Gera nákvæma teikningu af þeim og ljósmynda þær.

Verkefnið „Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi“ miðar að því að svara ákalli Guðbrands og bæði skrá og rannsaka seljabúskap á norðanverðu Snæfellsnesi. Fyrsti áfangi verkefnisins fór fram sumarið 2011 en þá voru tekin fyrir Helgafellssveit og Stykkishólmur og voru þá skráðar alls 84 fornleifar í 16 selstöðum auk þess sem prufuholur voru grafnar í selstöðu Hrísa í Þórsárdal. Sumarið 2012 voru skráðar 38 fornleifar í 12 selstöðum í Grundarfirði og Eyrarsveit en einnig voru grafnar prufuholur í tveimur selstöðum í Helgafellssveit: selstöðu Bjarnarhafnar á Seljum og Staðarbakka í Gautsstaðagróf.

Í skráningarhluta verkefnisins hefur verið lögð áhersla á að kanna fjarlægðir selstaða frá heimabæ, hvaða ástæður hafa hugsanlega legið að baki staðarvalinu, t.d. einhver sérstök aðföng, og hvort ályktanir megi draga af formum og fjölda húsa í selstöðunum. Uppgrafthluti verkefnisins er miðaður að því að grafa prufuholur í nokkrar selstöður til þess að staðfesta að um selstöður sé að ræða, fá nánari vitneskju um aldur þeirra og grennslast fyrir um mögulega notkun þeirra, þ.e. hvað fengist var við í viðkomandi seli. Á dagskránni seinna meir er einnig að rannsaka einhverja selstöðu eða einstök hús í heild sinni með uppgreftri, fáist til þess fjármagn.

Markmið sumarsins 2015 var að skrá selstöður í hinu forna Nesþingi, nú norðanverðum Snæfellsbæ, og voru alls skráðar á vettvangi 21 selstaða og 82 fornleifar í þeim. Um flest selin er getið í rituðum heimildum, oftast *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, en einnig koma örnefni tengd seljum fyrir í örnefnaskrá á svæðinu. Að auki komu heimildarmenn að gagni í nokkrum tilfellum og er þeim þakkað fyrir liðleg svör.

Í umfjölluninni hér á eftir verður fjallað um allar þær selstöður sem kannaðar voru sumarið 2015. Byrjað verður vestast í Neshreppi utan Ennis, á Gufuskálum, og síðan haldið sem leið liggur austur að Enni og síðan þar áfram út að Búlandshöfða. Í umfjölluninni hefur hver selstaða sitt nafn og eru þau yfirleitt dregin af heimabæ viðkomandi selstöðu eða staðsetningu hennar. Í mjög fáum tilfellum höfðu selstöðurnar ákveðin nöfn sem heimildir eða örnefni gátu um - svo sem Fosssel. Tölurnar sem standa aftan við hverja selstöðu vísa til númera í fornleifaskrá en hún birtist sem viðauki við þessa skýrslu (kafla 7). Númerakerfið byggir á fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar en þar fá allir fornleifastaðir innan hvers sveitarfélags hlaupandi yfirnúmer en einstakar fornleifar fá sérstakt undirnúmer. Gjarnan má líta á fornleifar undir sama yfirnúmeri sem eina heild, í þessu tilviki einstakar selstöður. Í umfjölluninni er að finna almenna umræðu um selin, aldur þeirra og innbyrðis tengsl en um uppmælingar á einstökum rústum og hlutverk þeirra er vísað í fornleifaskrá. Fjarlægð selja frá bæ er áætluð í beinni loftlínu og gefur því ekki nákvæma mynd af raunverulegri ferðafjarlægð eða hve auðvelt aðgengi er að seljunum.



### 3. Fornleifaskráning

#### 3.1. Selstöður Gufuskála


Sturlubók Landnámu segir frá landnámi Ketils, sonar Ketils gufu Örlygssonar, en hann kom til Íslands síðla landnámatíðar eftir að hafa verið í víking. Katli gekk illa að finna bústað fyrir sig og þræla sína sex írska. Hafði hann vetursetu að Gufuskálum á Snæfellsnesi hinn fjórða vetur uns hann nam Gufufjörð og Skálanes til Kollafjarðar (*Landnámabók* 1968). Ólafur Elíundarson taldi að frásögn Landnámu benti til þess að á Gufuskálum hafi þá verið „eitthvað samfélag fyrir, jafnvel afdrep fyrir mannskap, alla vega möguleiki til lífsbjargar fyrir töluverðan hóp manna“ (Ólafur Elíundarson 2003:22). Í *Sögu Fróðárhrepps* (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988) er að finna aðra skýringu á frásögn Landnámabókar, að Ketill gufa þjóni þeim tilgangi að skýra út örnefni sem kennd eru við gufustróka á V- og SV-landi. Hvort einhver byggð hafi verið komin á Gufuskálum strax við landnám verður vart svarað nema með frekari fornleifarannsóknnum. Þær rannsóknir sem þegar hafa farið fram hafa þó leitt í ljós að ritaðar heimildir eru ekki tæmandi frásögn um elstu sögu svæðisins. Á Írskubúðum við Gerðuberg fóru fram fornleifarannsóknir undir stjórn Bjarna F. Einarssonar árin 1997 og 1999. Þar komu í ljós mannvirki frá 9. – 10. öld auk gripa sem gætu mögulega hafa komið frá Grænlandi (Bjarni F. Einarsson 1997;2000). Þessar rústir voru lengi þekktar og taldar, nafnsins vegna, vera minjar um veru írskra munda fyrir landnám norrænna manna. Gufuskálar koma ekki við sögu í *Víglundarsögu* eða *Bárðarsögu Snæfellsás* og kemur fyrsta ritaða heimild um býli á Gufuskálum því ekki fram fyrir en í máldaga Maríukirkju á Staðarstað á Ölduhrygg á Snæfellsnesi árið 1274 en þar segir að kirkjan eigi hálf land á Gufuskálum (*DI I*:114). Líðlega hundrað árum síðar er hinn helmingur jarðarinnar kominn í eigu klaustursins á Helgafelli skv. máldaga klaustursins frá árinu 1377-78 og er renta klaustursins 22 vættir (*DI III*:326). Rentan af hálfum Gufuskálum hefur því verið um 770 kg af skreið. Eftir siðaskipti veitti konungur Daða Guðmundssyni umboð fyrir Gufuskálum líkt og öllum öðrum jörðum sem höfðu verið í eigu Helgafellsklausturs (Ólafur Elíundarson 2003) og var konungshlutur kirkjunnar eftir þann tíma hluti af hinu svokallaða Stapaumboði en kirkjan á Staðastað hélt sínum hlut áfram eftir siðaskipti (*JÁP* 1931-33:200-201).

Um selstöðu Gufuskála er ekki getið fyrir en í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* enda hefur sjósókn líklega ávallt verið snar þáttur í búskapnum - allt frá fyrstu tíð. Minjar um sjósókn á Gufuskálum eru fjölmargar og nægir þar að nefna fiskbyrgin í hrauninu


fyrir ofan Gufuskála sem samkvæmt skráningu árið 2009 voru 153 talsins (Lilja Björk Pálsdóttir 2009) og fjölmarga verbúðarhóla en allar þessar minjar eru friðlýstar (Ágúst Ólafur Georgsson 1990). Í jarðabókinni er tvíbýlt á Gufuskálum og hefur svo líklega verið um langt skeið, það gæti hafa birst í tvískiptu eignarhaldi staðarins. Um selstöðuna segir í *Jarðabók*: „Selstaða í heimalandi og þarf þó að tolla til Saxahóls fyrir þrönglendi, því peningur unnr lítt í högum vegna vatnsleysi“ (*JÁP* 1931-33:200-201). Seljalönd Gufuskála liggja í sunnanverðu Prestahrauni þar sem Móðulækurinn rennur í vesturátt norðan við Rauðhól, á svæði sem kallað er í örnefnalýsingu Sel (*Ö-Gufuskálar* 3). Í Prestahrauni eru alls fjögur sel en tvær selstöður eru sunnan við Móðulækinn. Annars vegar beint vestur undir Rauðhóli og svo upp af Kálfadölum. Fimm þessara selja voru skráð sumarið 2013 þegar gerð var aðalskráning fornleifa á Gufuskálum af Fornleifastofnun Íslands ses. (Kristborg Þórsdóttir 2014). Sú skráning var hluti af stærra rannsóknarverkefni á Gufuskálum sem staðið hefur yfir frá árinu 2008 og hefur m.a. beinst að rannsóknum með fornleifauppgreftri á bæjarhól Gufuskála og verbúðum (Lilja Björk Pálsdóttir 2010).

### 3.1.1. Selstaða í Kálfadölum (107:1-2).

Norður og norðaustur af Kálfadölum opnast grösugt dalverpi inn á milli hraunhóla sem hefur að geyma selstöðu. Hún er staðsett um 200 m SSV af Rauðhól og beint norður og norðvestur undir Hreggnasa en fjallið setur áberandi svip á umhverfi selsins. Rétt við selið er uppþornaður árfarvegur. Selrústin kúrir upp við hraunhól og er að hluta til byggð inn í hann. Byggingarefnið torf og grjót. Beint norður af Rauðhólum er að finna götur sem mögulega hafa leitt að selinu en áberandi strýtumynduð hraunnibba er beint fyrir ofan selið sem hugsanlega hefur leitt fólk að selinu. Aðeins er að finna eina marghólfa rúst í selinu. Rústin virðist vera nokkuð ung að sjá en eldri veggjabrot stingast undan rústinni og stendur hún því á eldri grunni. Rústin minnir nokkuð á frumstæðan gangabæ þar sem gangur liggur frá dyrum inn að rými C sem líklega hefur verið



Rúst 107:1.



Forna-Lá í Eyrarsveit. Heimild: Kristján Eldjárn 1951:104.

Íveruhúsið en út frá ganginum gengur til suðausturs rými B sem líklega hefur verið geymsla. Rými A og D liggja svo í sömu stefnu og gangurinn NA-SV. Rými A var nokkuð tormetið en hugsanlegt er að aðeins fremri hluti þess hafi verið opinn út og að gengið hafi verið inn í rýmið frá ganginum. Hafi svo verið fer seljarúst þessi að minna nokkuð á Fornu-Lá í Eyrarsveit, kotbýli sem rannsakað var af Kristjáni Eldjárn árið 1942. Ekki fundust aðrar seljarústir á svæðinu en á hraunhólnum fyrir ofan og beint norðan við selið er grjóthlaðin refagildra. Beitolandið hefur að mestu leyti samanstæðið af dalverpinu sem selið er staðsett í en einnig opnast gróðursælt svæði norðaustur af selinu. Þrátt fyrir að dalverpið sé vel gróið er á stöku stað uppi á hraunhólunum komið rof í annars mosavaxið hraunið. Þetta sel gæti hafa verið í notkun þegar *Jarðabókin* var tekin saman og er því líklega samtíða seljum 111:1-7 og 112:1-5, þó mögulega ívið yngra. Fjarlægð frá Gufuskálum er 5.3 km.





Selstaða Gufuskála í Kálfadölum (ljósm. SEC. Horft mót A).

### **3.1.2. Selstaða undir Rauðhól (108:1-6).**

Selið er staðsett nokkurn veginn beint vestur undir Rauðhól en Móðulækurinn og leiðin upp á Jökulhálsinn liggja beint norður af selinu í um 100 m fjarlægð. Allmargar lækjarsytrur renna frá Rauðhólnum við selið sem sameinast svo Móðulæknum spölkorn vestan við selið. Rústir

selsins liggja í dálítilli kvos milli tveggja hraunhóla. Byggingarefnið er torf og grjót. Rúst (108:1) sker sig nokkuð úr að því leyti að hún stendur mun hærra en hinar og er mun meira sinuvaxin en aðrar rústir í selinu. Þá eru rústir 108:5 og 108:6 mun sokknari og ógreinilegri en aðrar rústir í selinu sem stafar líklega af því að þær tilheyra eldri kynslóð selstöðunnar. Möguleiki er á að fleiri rústir sé að finna í selinu en umhverfið er þýft og torveldar það mat. Selstaðan er nokkuð opin fyrir norðaustanáttinni en annars er fremur skjólgott í selinu. Frá selstöðunni er nokkuð víðsýnt en í landslaginu eru Saxhóll og Stóri-Saxhóll áberandi syðst en Öndverðarnes nyrst á sjóndeildarhringnum. Ekki sést þó heim til Gufuskála. Áberandi klettamyndun er fyrir ofan selið sem gæti hafa vísað leiðina þangað.



	
<p>Horft yfir selstöðu Gufuskála við Rauðhól. Fremst á myndinni er rúst 108:1 sem stendur nokkuð hærra en aðrar rústir í selstöðunni (ljósm. SEC. Horft mót V).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu undir Rauðhól. Rústir 108:5 og 108:6 hafa líklega tilheyrt eldri kynslóð selstöðunnar.</p>

Vestan við selið, að enda Neshrauns, er ágætt beitiland en auk þess opnast austur af selinu dalverpi sem er sámilega grösugt. Norðaustur undir Rauðhól er einnig beitiland sem gæti hafa verið nýtt. Þar er að finna náttúrulegan bolla í hraunið um 20x10 m að stærð sem nýta hefur mátt til innrekstrar (114:1). Hvað aldur þessa sels varðar þá er líklegt að hér séu a.m.k. tvær kynslóðir selja og gæti sú eldri hafa verið í notkun um eða fyrir árið 1500. Fjarlægð selsins frá Gufuskálum er um 4.7 km.

### 3.1.3. Selstaða í jaðri Prestahrauns (109:1-5).

Selið er staðsett í jaðri Prestahrauns norðan við Rauðhól þar sem Móðulækurinn rennur í ANA-átt um 80 m suður frá selinu. Selið er byggt utan í hraunjaðarinn og er byggingarefnið hraungrýti og torf. Framhjá selinu liggur Prestahraungatan, leiðin í gegnum hraunið að



Ingjaldshóli. Fyrir utan rústirnar í selinu, sem eru þrjár talsins, eru í hrauninu fjölmargar rásir og hraunskútar sem nýta hefur mátt bæði til innrekstrar og til þess að geyma í matvæli. Skráður var einn hraunskúti (109:4) sem hugsanlega hefur verið nýttur sem mjólkurkælir en mögulega hefur verið hlaðið fyrir hann með hraungrýti að framanverðu. Hér er frekar skjólsælt og t.a.m. gætir áhrifa norðaustanáttarinnar minna hér heldur en í selstöðunni undir Rauðhól (108:1-6). Mjög víðsýnt er úr selinu. Í suðri er Rauðhóllinn áberandi, í vestri Saxhóll, Stóri-Saxhóll og svo Öndverðarnes í norðvestri. Ef gengið er upp á hraunið fyrir ofan selið sést einnig heim að Gufuskálum. Norðvestur af selinu opnast nokkuð grösug beitar svæði en einnig má vera að þetta sel hafi nýtt beitar svæðið norðaustur af Rauðhól sem nefnt var hér að ofan. Ekki er uppblástur í næsta námunda við selið en meðfram Móðulæknum hafa myndast rof sem gætu ógnað selinu nái þau að stækka. Hvað aldur þessa sels varðar þá er selið líklega ekki eldra en frá því á 16. öld en gæti þó staðið á eldri grunni. Því er ekki óhugsandi að þetta sel og það sem fjallað var um hér á undan (108:1-6) hafi verið samtíða. Fjarlægð selsins frá Gufuskálum er um 4.7 km.

	
<p>Horft yfir selstöðu Gufuskála í jaðri Prestahrauns (ljósm. SEC. Horft mót V).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í jaðri Prestahrauns.</p>



### 3.1.4. Selstaða í Prestahrauni (111:1-7).

Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: „Fyrir innan Löngulág er svæði kallað Sel, og er þar nú allt lyngi vaxið, en glögglega sér þó enn fyrir rústunum“ (*Ö-Gufuskálar* 3). Þessi selstaða er staðsett í Prestahrauni, á grasi vaxinni tungu sem opnast inn í hraunið. Framhjá selinu liggur Prestahraungatan, leiðin í gegnum hraunið frá Ingjaldshóli inn í Breiðavíkurbrepp. Þetta sel er um 420 m norður af Móðulæknum og um 350 m frá því seli sem fjallað var um hér að ofan (109:1-5). Rústir selsins eru staðsettar í náttúrulegum bollum og skútum í hrauninu og er ein

rústanna hraunhellir sem hlaðið hefur verið fyrir og þak reyrt yfir (111:2). Alls voru skráðar sjö rústir í þessu seli en fleiri hraunskútar gætu hafa verið nýttir til innrekstrar og sem geymslur. Stærsta rústin (111:1) sem líklega hefur verið íveruhúsið ber þess nokkuð augljós merki að hafa verið notuð eitthvað áfram eftir að selstaðan leggst af en við rústina eru einnig eldri veggjabrot.



	
<p>Rúst 111:2 í Prestahrauni. Rústin er hlaðin fyrir hraunskúta og er enn nokkuð heilleg (ljósm. SEC. Horft mót ASA).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í Prestahrauni.</p>

Hér er nokkuð skjólsælt en þó gætir áhrifa norðaustanáttarinnar. Mjög víðsýnt er úr selinu. Í suðri er Rauðhóllinn áberandi, í vestri Saxhóll, Stóri-Saxhóll og svo Öndverðarnes í norðvestri. Vestur af selinu opnast nokkuð grösugt beitarsvæði en ekkert rennandi vatn er í næsta námunda við selið. Þar eru þó nokkrir uppbornaðir lækjarfarvegir sem vatn gæti hafa runnið í þegar selið var í notkun en um 200 m suðvestan við selið er brunnur sem hefur verið grafinn niður um a.m.k. 1.5 m (110:1). Annar brunnur er um 30 m suður af selinu (134:1). Hvað aldur selsins varðar þá má ætla að það sé yngra en bæði sel 108:1-6 og 109:1-5 sem fjallað hefur verið um áður. Selið gæti því hafa verið í notkun fram á 18. öld þegar *Jarðabókin* var skrifuð. Fjarlægð frá Gufuskálum er um 4.4 km.

	
<p>Brunnur 110:1 í Prestahrauni. Í brunninum stendur Ármann Dan Árnason, fornleifafræðingur (ljósm. SEC. Horft mót V).</p>	<p>Brunnur 134:1 í Prestahrauni (ljósm. SEC. Horft mót V).</p>

### 3.1.5. Selstaða í Prestahrauni (112:1-5)



Þetta sel er staðsett einungis um 50 m sunnan við sel 111:1-7 sem fjallað var um hér á undan og er bæði umhverfið og rústirnar mjög svo líkar. Allar rústirnar eru staðsettar í náttúrulegum hraunhvammi og eru hraunskútar nýttir til bygginga (112:1 og 112:4). Byggingarefnið er sem fyrr torf og grjót og eru grjóthleðslur enn vel sýnilegar í veggjum þeirrar rústar sem líklega hefur verið íveruhús (112:1).

	
<p>Horft yfir selstöðu Gufuskála í Prestahrauni (ljósm. SEC. Horft mót N).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í Prestahrauni.</p>

Hugsanlegt er að fleiri skútar og gjótur hafi verið nýttar í þessu seli en eingöngu voru skráðar rústir sem báru þess augljós merki að hlaðið hafi verið fyrir þær. Þetta sel hefur líklega nýtt sömu brunnana og selið sem fjallað var um hér að ofan og aldurinn er líklega sá sami. Þegar *Jarðabókin* var tekin saman var tvíbýli á Gufuskálum og því ekki ósennilegt að nálægð þessara tveggja selja endurspegli það. Fjarlægð frá Gufuskálum er um 4.4 km.

### **3.1.6. Selstaða í Löngulág (113:1-4)**

Selstaðan er staðsett í Prestahrauni, í nokkuð djúpum hvammi ofan í hraunið sem kölluð er Langalág en sennilega er um að ræða gamlan uppbornaðan árfarveg. Í örnefnalýsingu Gufuskála segir: „Rétt fyrir neðan Rauðhól er Löngulág, og nær hún langt niður í Prestahraun. Margir hlaðnir grjótgarðar liggja yfir Löngulág, og mætti halda að það hefði einhvern tímann verið stór fjárrétt eða eitthvað því um líkt“ (*Ö-Gufuskálar* 3). Móðulækurinn rennur um 300 m sunnan við selið og selin tvö sem fjallað var um hér næst á undan (111:1-7 og 112:1-5) eru um 250 m norð- og suðaustan við selstöðuna. Rústir selsins samanstanda af tveimur grjótgörðum sem þvera Löngulág, grjótgerði (113:2) sem hlaðið er upp að hraunjaðrinum við enda annars garðlagsins (112:3) og rúst sem liggur u.þ.b. miðja vegu milli garðanna tveggja (113:1). Rúst þessi er afar fornleg að sjá og hefur ekki að geyma nema eina kynslóð. Engar grjóthleðslur sjást í rústinni og líklega hefur hún verið byggð úr torfi að mestu leyti. Beitihagarnir hafa að öllum líkindum verið hinir sömu og áður en liggja að mestu sunnan og austan selsins. Selstaðan er girt af með tveimur grjóthlöðnum görðum sem þvera Löngulág þannig að afar auðvelt hefur verið að reka fé heim að seli. Hér er nokkuð skjólsælt en þó gætir áhrifa norðaustanáttarinnar. Mjög víðsýnt er úr selinu. Í suðri er Rauðhóllinn áberandi, í vestri Saxhóll, Stóri-Saxhóll og svo Öndverðarnes í norðvestri. Ekkert rennandi vatn er í næsta nágrenni við selið en uppbornaður lækjarfarvegur er suður af því, í um 100 m fjarlægð. Þetta sel er án efa það elsta sem tilheyrir hefur Gufuskálum og gæti verið mjög fornt, sennilega frá því fyrir 1200. Athyglisvert er að einungis þessa einu rúst auk grjótgarða var að finna í selinu of í næsta nágrenni við það. Smáar rústir til að halda ám meðan mjólkað þar eða kvíar til að reka inn fé var ekki að finna, nema grjótarðurinn 113:2 hafi haft það hlutverk. Hugsanlegt er að skýringin á þessu sé að ær hafi ekki verið hafðar hér í seli heldur kýr. Fjarlægð frá Gufuskálum er um 4.3 km.

	
<p>Horft yfir selstöðu Gufuskála í Löngulág (ljósm. SEC. Horft mót NV).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í Löngulág.</p>



### 3.1.7. Samantekt á selstöðum Gufuskála

Fjöldi þeirra selja sem staðsett eru í landi Gufuskála í Prestahrauni og við Rauðhól er heldur meiri en gerist víðast hvar annars staðar, jafnvel þó tvíbýlt hafi verið á Gufuskálum. Fjöldi seljanna má þó skýra með tvennu. Í fyrsta lagi gefur *Jarðabókin* ákveðna vísbendingu um að vegna vatnsleysis hafi þurft að færa selstöðurnar til „því peníngur unír lítt í högum vegna vatnsleysi“ (*JÁP* 1931-33:200-201) og líklega hefur þurft að færa selin til eftir því sem lækir breyttu um farveg eða þornuðu upp. Í öðru lagi má skýra fjölda seljanna með því að þau eru ekki öll samtíða og virðist vera um a.m.k. þrjú skeið að ræða. Á elsta skeiðinu hefur aðeins verið ein selstaða: í Löngulág (113:1-4). Næsta skeið hefur samanstáðið af selinu beint vestur undir Rauðhól (108:1-6) og selinu beint norður af Móðulæknum (109:1-5). Yngsta skeiðið hefur samanstáðið af seljunum tveimur í Prestahrauni (111:1-7 og 112:1-5) og selstöðunni upp af Kálfadölum (107:1). Líklega hafa þær allar verið í notkun um það leyti sem *Jarðabókin* var tekin saman. Kristborg Þórsdóttir sem gerði aðalskráningu fornleifa í landi Gufuskála árið 2013 kastaði fram þeirri spurningu hvort elsta selið gæti hafa verið frá Gerðubergi, þ.e. Írskubúðum (Kristborg Þórsdóttir 2014:107). Aðeins frekari rannsóknir geta leitt í ljós hvenær byggð hófst á Gufuskálum en líkt og Kristborg bendir á væri afar áhugavert að fá á hreint hvort bæirnir tveir hafi verið samtíða eða hvort Gufuskálar hafi mögulega tekið við af Írskubúðum (Ibid:106). Seinni möguleikinn er e.t.v. líklegri í ljósi þess að ritaðar heimildir geta ekki um býli á Gufuskálum með vissu fyrr en á 13. öld. Einhver vísir af byggð hefur e.t.v. verið á Gufuskálum áður, mögulega útstöð frá býlinu á Írskubúðum til sjósóknar.

Sjósóknin hafi orðið sífellt mikilvægari þáttur í búskapnum uns ábúendur hafi tekið þá ákvörðun að færa býlið að Gufuskálum. Hugsanlegt er því að selið í Löngulág hafi verið frá Írskubúðum. Ekki virðast menn hafa haft aðrar auðlindir í þessi sel að sækja en beitihagana fyrir búsmala sinn þó hugsanlegt sé að fjallagrös og berjatínsla hafi verið stunduð að einhverju marki.

### **3.2. Selstöður Hraunskarðs (115:1-5)**

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* segir: „Hraunskarð er talin ein jörð með Munaðarhóli og Hallsbæ. ... Selstöðu á jörðin upp í fjalli sæmilega“ (*JÁP* 1931-33:203-4). Selstaðan er staðsett í austasta hluta Prestahrauns, eða Sandahrauni, á hraunholti um 70 m vestan Höskuldsár. Hraunið myndar hér ágætis skjól fyrir flestum áttum. Landslagið er nokkuð hrikalegt þar sem skiptast á strýtur upp úr úfnu hrauninu, gjótur og skútar. Fornleifar í selinu eru skráðar fimm talsins, fjórar rústir og einn hraunskúti sem gæti hafa verið notaður sem geymsla eða mjólkurkælir. Rústir selstöðunnar eru allar gerðar úr hraungrýti og staðsettar undir stórum hraunstrýtum sem veita þeim gott skjól. Sú rúst sem líklega hefur verið íveruhús (115:1) er byggð utan við hraunhelli en hellirinn myndar annað rými rústarinnar. Milli hellisins og rústarinnar er nokkuð vel uppistandandi grjóthleðsla sem gefur til kynna að hellirinn hafi verið í notkun eitthvað lengur en rústin sjálf, sennilega þá sem smalakofi. Nokkuð víðsýnt er úr selinu þrátt fyrir að úfið hraunið umlyki alla selstöðuna nema að austanverðu, en þar rennur áin framhjá selinu. Úr selinu sést heim til Hraunskarðs og lengra til austurs til Ingjaldshóls. Í suðurátt sést til Hreggnasa í suðvestri, þá Skálin í hásuðri og loks Búrfell í suðaustri. Höskuldsá rennur austan við selstöðuna en beint norðaustur af selinu er aflíðandi brekka niður að ánni. Beitalandið í kringum selstöðuna er sæmilegt, þó ekki eins gjöfult og í Breiðadal austan ár þar sem selstaða Hellu hefur staðið (117:1). Í hrauninu opnast þó á nokkrum stöðum vel grónir bollar sem hægt hefur verið að beita. Rústir selstöðunnar eru líklega allar samtíða. Þær eru nokkuð fallnar og vel grónar mosa en gætu hafa verið í notkun fram að þeim tíma er *Jarðabókin* var tekin saman. Býlið Hraunskarð er aflagt með amtsúrskurði árið 1819 (*Byggðir Snæfellsnes* 1970:149). Selstaðan hefur verið um 900 m frá bænum.

	
<p>Horft yfir selstöðu Hraunskarðs í austasta hluta Prestahrauns eða Sandahrauni. Fyrir miðri mynd er rúst 115:1 sem byggð er fyrir hraunskúta (ljósm. SEC. Horft mót SSV).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu Hraunskarðs í austasta hluta Prestahrauns.</p>



Hraunskarð er að öllum líkindum nokkuð forn jörð en í Landnámu segir að Álfarinn Volason hafi fyrst numið nesið á milli Beruvíkurhrauns og Ennis. Synir Álfarins setjast síðan að á bæjum í Neshreppi hinum ytri: Ingjaldur á Ingjaldshóli, Goti að Gotalæk, Hólmkell að Fossi við Hólmkelsá og loks Höskuldur að Höskuldsá (*Landnámabók* 1968). Hraunskarð stendur við Höskuldsá og hafa menn talið að landnámsbærinn Höskuldsá hafi seinna fengið nafnið Hraunskarð (Árni Thorlacius 1886). Snemma hefur komið í ljós að frá Hraunskarði mátti sækja á fiskimiðin því í skrá um landamerki jarðanna Hraunskarðs og Gufuskála frá árinu 1360 segir að jarðirnar Hella, Þrándarstaðir, Kjalvegur, Ingjaldshóll, Vallstakksheiði og Foss í Neshreppi utan Ennis auk jarðanna Ólafsvíkur og Mávahlíðar í Neshreppi innan Ennis eigi allar skipsuppsátur og búðir í Hraunskarðslandi í skiptum fyrir ýmis ítök, m.a. selstöðu við Blágil (*DI III*:140-142).

Selstaðan sem Hraunskarðssel á í skiptum fyrir skipsuppsátur er sögð vera við Blágil. Blágil er á eða lækur sem rennur um ofanverðan Hólsdal úr svokallaðri Skál. Blágil verður að Hólmkelsá við Steinboga sem er náttúruleg hraunbrú yfir ána. Hólmkelsá rennur svo út til sjós í Rifsós (*Byggðir Snæfellsnes* 1970:147; *Ö-Skarð* 3). Selstaða Hraunskarðs sem nefnd er við Blágil er því ekki sú sama og skráð var í austasta hluta Prestahrauns. Hins vegar er selstöðu að finna við Blágil þar sem áin rennur framhjá Dýjadal en selstöðu er að finna í dálitlum hraunhvammi um 160 m vestan við ána. Selstaða þessi hefur verið túlkuð sem sel Þrándarstaða (119:1-6) en hugsanlegt er að um sé að ræða umrædda selstöðu Hraunskarðs við Blágil sem hefur þá í seinni tíð verið færð nær bænum. Annar möguleiki er að selförin sem

Hraunskarðsmenn áttu við Blágil hafi ekki verið sérstök selstaða heldur að þeir hafi haft í seli með þeim bæjum sem fyrir áttu selstöður þar, með Þrándarstöðum í Dýjadal og/eða Ingjaldshóli í Hólsdal. Frá Hólsdal og Dýjadal er um 4 km heim að Hraunskarði.

### 3.3. Selstöður Hellu

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* segir um selstöðu Hellu: „Selstöðu á jörðin upp við fjall á horni lands síns“ (*JÁP* 1931-33:213). Snemma hefur Hellujörðinni verið skipt í tvennt því að í máldaga Hítardalskirkju frá árinu 1354 er talað um Hellulöndin tvö (*DI* III:139-142) en fyrst er Hella nefnd í *Fornbréfasafni* árið 1280 þegar talað er um Hellumenn í landamerkjabréfi Ingjaldshóls og Þrándarstaða (*DI* II:165-166). Aðaljörðin hefur löngum verið kölluð Stóra Hella en þegar *Jarðabókin* var tekin saman var grasnytjarbúðin Litla-Hella ekki lengur í byggð (*JÁP* 1931-33:213). Jörðin hefur verið í eigu Hítardalskirkju skv. ofangreindum máldaga og er svo áfram í *Jarðabókinni*. Hella stendur á austurbakka Höskuldsár og hefur af þeim sökum líklega byggst upp úr landnámi Ingjaldshóls fremur en Hraunskarðs. Í landi því sem tilheyrir Hellu voru skráðar tvær selstöður.

	
<p>Horft yfir yngri selstöðuna sem tilheyrir Hellu (ljósm. SEC. Horft mót A).</p>	<p>Yfirlitsteikning af yngri selstöðu Hellu.</p>

#### 3.3.1. Selstaða Hellu hin yngri (116:1-2)

Selstaða sú sem er yngri og nær býlinu Hellu er staðsett í dálitlu dalverpi sem gengur suðaustan úr Breiðadal um 400 m austan við Höskuldsá og 850 m suðvestan við kirkjuna á Ingjaldshóli. Dalurinn sjálfur er líklega gamall árfarvegur og nokkuð vel gróinn en ofan dalsins eru blásin melholt. Rústir selstöðunnar eru tvær talsins en í báðum rústunum eru a.m.k. tvær kynslóðir. Úr selinu blasir við Hreggnasi í suðvestri og Búrfell í suðaustri en

norður úr dalnum er ekki eins víðsýnt og hefur væntanlega ekki sést heim að Hellu og Hraunskarði en Brimnesið sést þó úti í norðvestri. Dalurinn er ágætlega skjólsæll en komið var á staðinn í nokkuð hvassri norðaustanátt. Engin á er í næsta nágrenni við selið en heyra má í litlum lækjarsytrum renna neðanjarðar og hefur því líklega mátt með fremur litlum tilkostnaði grafa fram lækina á svæðinu. Beitalandið hefur líklega verið í Breiðadal en dalverpið sem selið er staðsett í hefur einnig að geyma nokkuð gott beitarland þótt þar sé fremur mýrlent. Rústir selsins standa þó á þurrum grunni. Aldur selsins er ekki ýkja hár en gæti þó staðið á eldri grunni eins og áður var sagt. Selstaðan gæti vel passað við að vera sú sem greint er frá í *Jarðabók* og hefur því verið um 1.25 km frá bæ.

### **3.3.2. Selstaða Hellu hin eldri í Breiðadal (117:1)**

Hin selstaðan, sú sem er lengra frá bæ og eldri, er staðsett innst í Breiðadal sem liggur upp með Höskuldsá. Selið er á grasbala í lítilli laut beint upp af ánni þar sem dalinn tekur að þrengja. Upp af selinu í austurátt taka við blásin melholt og skriður í suðurátt en handan árinna í vestri tekur við úfið Prestahraunið. Aðeins er skráð ein rúst í selinu og er hún afar fornleg að sjá og minnir nokkuð á sel sem skráð var í landi Gufuskála (113:1). Engar grjóthleðslur sjást í rústinni og mögulegt er að hún hafi verið að mestu hlaðin úr torfi. Um 110 m norðvestan við rústina, uppi í hrauninu, er áberandi stór skjólgóður steinn. Þar undir er rústi eða gerði sem hlaðið hefur verið í steininn og um 120 m suð-suðaustar er að finna hraunskúta sem hlaðið hefur verið fyrir, líklega hefur hlutverk hans verið smalakofi. Ólíklegt er þó að þessar tvær síðasttöldu fornleifar séu tengdar selinu, þær eru báðar austan megin árinna auk þess sem rústirnar eru mun yngri en selrústin. Úr selinu er ekki mjög víðsýnt því selið er umlukið holtum og hrauni í nánast allar áttir nema út eftir dalnum til norðvesturs og sést þar til Brimness. Í suðri sjást þó fjöllin Hreggnasi og Skálin auk Búrfells. Afar gott beitaland er í Breiðadal og auðveldur rekstur inn að selinu. Líkur eru á að um afar forna selstöðu sé að ræða og líkt og með elstu selstöðu Gufuskála er hugsanlegt að búsmalinn hafi hér fremur verið kýr en ær. Fjarlægð frá bæ hefur verið um 2 km.



Horft yfir selstöðu Hellu í Breiðadal austan við Höskuldsá (ljósm. SEC. Horft mót NA).

### **3.4. Selstöður í landi Ingjaldshóls**

Ingjaldshóll, Þrándarstaðir og Kjalvegur eru allir fornir bæir og er Ingjaldshóll líklega þeirra elstur. Bærinn er kenndur við Ingjald son Álfarins Volasonar sem fyrstur nam nesið á milli Beruvíkurrhrauns og Ennis (*Landnámabók* 1968). Sonur Ingjalds var Þrándur stígandi, liðsmaður Snorra goða sem sagt er frá í *Eyrbyggja sögu*, en Þrándur mun hafa búið lengi á Ingjaldshóli en síðan flutt á Þrándarstaði (*Íslendinga sögur* IV 1981). Þrándarstaðir byggjast því úr landi Ingjaldshóls en jörðin er sú fyrsta í Neshreppi hinum ytri sem klaustrið á Helgafelli eignast, um árið 1180 (Ólafur Elímundarson 2003:52-54). Hugsanlegt er að í fyrstu hafi Þrándarstaðir og Ingjaldshóll verið tvíbýli sem með tíð og tíma urðu tveir aðskildir bæir. Ingjaldshóll verður kirkjustaður Neshrepps utan Ennis árið 1317 (*DI* II 410-11) en þar var áður bænhús, að því er sumir telja frá því á 11. öld (Ólafur Elímundarson 2003:55). Ingjaldshóll var í eigu Sturlunga, líklega frá því um 1200 og þar til Helgafellsklaustur eignast jörðina árið 1365 (*DI* VI:21-22). Kjalvegur byggist líklega úr landi Ingjaldshóls en bærinn er ekki nefndur í fornritunum. Hans er fyrst getið í landamerkjaskrá Ingjaldshóls og Þrándarstaða frá því um 1280 (*DI* II 165-166) og hefur líklega verið í eigu Sturlunga því Kjalvegur er seldur ásamt Ingjaldshóli til klaustursins á Helgafelli árið 1365. Í máldaga

klaustursins frá árinu 1397 er Ingjaldshóll metinn á 28 hundruð, Þrándarstaðir á 12 hundruð og Kjalvegur á 10 (*DI IV:166*). Ingjaldshóll er því stórbýli enda er settur þar þingstaður árið 1546 og síðar lögmannssetur frá árinu 1694 (Ólafur Elíundarson 2003).

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* segir um selstöðu Þrándarstaða: „Selstöðu til fjalls í heimalandi óskiftu við Ingjaldshól og Kjalveg“ (*JÁP 1913-33:218*). Í *Jarðabókinni* segir ennfremur að ábúandinn á Skarði vilji eigna jörðinni land það sem Ingjaldshólssel stendur í en enginn efi þó rétt Ingjaldshóls til selstöðunnar (*JÁP 1931-33:230*). Elsta heimild um þessar selstöður er að finna í landamerkjaskrá Þrándarstaða og Ingjaldshóls frá því um 1280. Þar segir að Þrándarstaðir eigi selför í Búrfellsdal og beit til fjalls (*DI II:165-166*). Árið 1356 kaupir Órækja Sturluson Ingjaldshól af Hauki Gunnarssyni og kemur þar fram að Ingjaldshóll eigi selför í Búrfellsdal milli Blágils og Hettudals (*DI III:111-112*). Seljalandið sem um ræðir afmarkast því af Búrfelli í norðri, Skálinni í suðri og hrauni að austan og vestanverðu en hraunið að vestanverðu kallast Væjuhraun. Lítil hrauntinga gengur í norður frá Væjuhrauni og skiptir seljalandinu í Dýjadal annars vegar og Hólsdal hins vegar og rennur Blágil meðfram hrauntingunni.





Horft frá suðurhlíðum Búrfells inn í Hólsdal vinstra megin og Dýjadal hægra megin. Blágil rennur meðfram rótum Búrfellsins sem og hrauntingunni sem skiptir dölunum (ljósm. SEC. Horft mót SV).

Hefur svæðið verið hið ákjósanlegasta seljaland og eru þarna tvær selstöður, sín í hvorum dalnum. Virðist því í fyrstu að ætla megi að Ingjaldshóll hafi haft selstöðu í Hólsdal en sel Þrándarstaða hafi verið í Dýjadal. Nokkuð flækir þó myndina að aðrar jarðir en heimajarðirnar hafa átt ítök eða gert tilkall til þessa seljalands. Í samningi Snorra Andréssonar og Hauks Gunnarssonar um reka Keflavíkur frá því um 1350 kemur fram að Skarði hafi að fornu fylgt allur Búrfellsdalur hinn efri (*DI* II:849-850) og, líkt og fjallað var um hér að ofan, taldi ábúandinn á Skarði að jörðinni hafi tilheyrt land það sem Ingjaldshólssel stendur í. Þá er einnig heimild í *Fornbréfasafni* fyrir því að Hraunskarð hafi átt selstöðu við Blágil í skiptum fyrir skipsuppsátur og búð (*DI* III:140-142).



### **3.4.1. Selstaða í Dýjadal (119:1-5)**

Selið er staðsett í Dýjadal suður undir Búrfelli vestan við Blágil. Selið liggur í dálitlu dalverpi sem opnast inn hrauntungu sem kemur inn í Hólsdal frá Væjuhrauni. Norðvestur af selstöðinni er Dýjadalsvatn. Áður fyrir var Blágil jökulá en rennslinu uppi við jökul var breytt tiltölulega nýlega þannig að jökulvatnið rennur nú í Móðulækinn (*Ö-Skarð* 3). Fjórar rústir eru staðsettar í dalverpinu en auk þeirra er önnur uppi í hrauninu fyrir suðvestan og ofan hinar og er hún hlaðin utan í stórt hraungrýti. Tveir litlir lækir renna úr hrauninu milli rústa selstöðunnar og sameinast svo fyrir framan rúst 119:1. Rústirnar eru allar gerðar úr torfi og grjóti og er grjótið mest áberandi í rúst 119:1 sem líklega hefur verið íveruhús. Rústin ber þess einnig merki að hafa verið mjög lengi í notkun því töluverð uppsöfnun mannvistarleifa er í kringum hana. Þá eru einnig vísbendingar um að aðrar rústir í selstöðunni kunni að hafa verið reistar á eldri grunni, sérstaklega rúst 119:4. Þá er mögulegt að fleiri rústir kunni að leynast á svæðinu norðvestan við tunguna sem rúst 119:1 stendur á. Því er hér líklega um a.m.k. tvær kynslóðir selja að ræða. Í selinu hefur verið gott skjól fyrir flestum vindáttum og þá sérstaklega fyrir norðan- og norðaustanátt. Búrfellið gnæfir yfir selinu en frá selinu sést í Skarðshraunið millum Hólmkelsár og Laxár og svo glittir í Ennið þar fyrir handan. Ágætis beitiland er í Dýjadal beint vestan og norðvestan við selstöðuna en einnig er dálítill grasbali á milli Blágils og hraunsins. Ekki er þó mikið um grasi vaxnar lautir í hrauninu sem nýta hefur mátt til beitar. Í heild sinni hefur beitilandið líklega aldrei verið jafn gott og beitilandið í Hólsdalnum. Yngri kynslóð selstöðunnar hefur líklega verið í notkun þegar *Jarðabókin* er skrifuð en sú eldri gæti verið mun eldri. Hafi Þrándarstaðir haft hér í seli hefur fjarlægð frá bæ verið um 3.25 km. Þó er hugsanlegt að selstaðan gæti, a.m.k. á einhverjum tímapunkti, hafa tilheyrt Hraunskarði sem er sagt hafa átt selstöðu við Blágil líkt og áður hefur komið fram.



	
<p>Horft yfir selstöðu í Dýjadal (ljósm. SEC. Horft mót NNA).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í Dýjadal.</p>

### 3.4.2. Selstaða í Hólsdal (120:1-6)

Selstaðan er staðsett í Hólsdal, nánar tiltekið vestan undir hrauntungunni sem gengur fram Hólsdalinn á milli Ljósulækja og Blágils í vestri og Viðurhlíðarlækjarins í austri. Hrauntungan er nokkuð vel gróin mosa en grasi vaxna bolla og mýrar er að finna hér og hvar í hrauninu. Fyrir framan selið eru nokkrir smálækir sem bæði koma ofan úr fjallendinu fyrir ofan Hólsdal og undan hrauninu. Þessir lækir sameinast svo öðrum lækjum, m.a. Ljósulækjum og Blágili, og verða að Hólmkelsá við austanvert Búrfellið. Mjög grösugt undirlendi er í Hólsdal og því hefur þetta verið hið ákjósanlegasta seljaland en grasbalinn sem selið stendur á sem og annar nokkru ofar heita einu nafni Magálstún (*Ö-Ingjaldshóll 2*). Frá selinu sést ekki niður á láglandið þar sem býlin voru en beint vestan við selstöðuna blasa við kletthamrarnir fyrir ofan Dýjadal, þar fyrir framan hrauntungan sem gengur frá Væjuhrauni og síðan er Skálin beint suður af selstöðunni.

	
<p>Horft yfir selstöðu Ingjaldshóls í Hólsdal. Í baksýn sést Viðurhlíð en dalurinn þar meðfram er seljaland Skarðs (ljósm. SEC. Horft mót NA).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu Ingjaldshóls sem samanstendur af rústum 120:1-2 og 120:4-5.</p>

Í selinu eru sjö rústir og nokkuð augljóst að hér hefur lengi verið haft í seli því hér eru bæði ungar og gamlar rústir auk rústa sem bersýnilega byggja á eldri grunni, þ.m.t. sú rúst sem líklega hefur verið íveruhús (120:1). Hún stendur á þýfðum hól sem mælist um 15x10 m að stærð og gæti hæglega innihaldið fleiri rústir en þær sem sjást á yfirborði. Rústirnar eru allar úr torfi og grjóti og sjást grjóthleðslur í veggjum á einum stað að innanverðu, í rúst 120:2, en hún er á að líta yngst rústanna í selinu. Um 20 m suðaustur af selinu eru í brekkurótum bollar sem margir hverjir minna á rústir en eru það ekki að mati höfundar. Rústirnar gætu vel hafa verið frá þeim tíma þegar *Jarðabókin* var tekin saman en einnig eru hér eldri rústir innan um (120:4 og 120:3) auk þess sem nokkrar rústanna (120:1 og 120:2) eru reistar á eldri grunni. Önnur rústabyrping er staðsett í um 300 m fjarlægð suðaustur af selinu og eru þar tvær rústir. Önnur á grasbala við hraunjaðarinn (120:3) og er hún öll sokkin og mjög ógreinileg en hin grjóthlaðin uppi á hraunhóli. Annaðhvort er um að ræða eldri kynslóð selsins eða sérstakt sel, hugsanlega tilheyrandi öðrum bæ. Norðaustan við selið, í smávægilegum bollum í hrauninu, eru lögðir sem gætu verið eftir mótekju. Ólíklegt er að mó hafi verið safnað í seli og í þeim tilgangi að flytja hann heim að bæ því auðvelt hefur verið að sækja mó niðri á láglandinu. Mótekjan í selinu hefur því verið ætluð til notkunar þar. Eftir að seljabúskapur leggst af hefur seljalandið verið notað til slægna (*Ö-Ingjaldshóll* 3). Selstaðan er í um 4 km fjarlægð frá Ingjaldshóli.

	
<p>Rúst 120:3 sem tilheyrir annaðhvort eldri kynslóð selstöðunnar eða hefur verið sérstakt sel. Í horninu hægra megin glittir í rústir 120:1-2 og 120:4-5 (ljósm. SEC. Horft mót NA).</p>	<p>Horft yfir meinta mógröf norðaustan við selstöðu Ingjaldshóls í Hólsdal (ljósm. SEC. Horft mót SA).</p>

### 3.4.3. Samantekt á selstöðum Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegur

Heimildir um selstöður Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegur eru það óljósar að ekki er hægt með auðveldum hætti að heimfæra þær fornleifar sem fundust í Dýjadal og Hólsdal á þessa bæi. Einnig flækir myndina að heimildir eru um selstöðu Hraunskarðs við Blágil og svo virðist sem Skarð hafi einnig gert tilkall til hluta svæðisins og hafi frá fornu fari átt Búrfellsdal hinn efri. Hér verður þó gerð tilraun til að setja þær fornleifar sem fundist hafa í sögulegt samhengi þessara heimilda.

Líklegast er að til forna hafi allt svæðið sunnan Búrfells verið kallað Búrfellsdalur en skiptist það nú í Dýjadal og Hólsdal. Búrfellsdalur hinn efri er líklega austasti hluti Hólsdals sem liggur vestan við Viðurhlíð og tilheyrir Skarði. Bæði í Dýjadal og í Hólsdal hefur lengi verið haft í seli og ber bæði fjöldi skráðra rústa, stærð þeirra og útlit það með sér að seljabúskapurinn hafi verið nokkuð umfangsmikill, þó sýnu meiri í Hólsdal. Í Hólsdal eru annaðhvort tvær kynslóðir selja eða að á eldra skeiðinu hafi verið tvö sel, um 300 m frá hvort öðru. Selstaðan í Hólsdal hefur að öllum líkindum tilheyrst Ingjaldshóli en spurning er hvort og þá hvaða bær annar hafi mögulega haft þar í seli. Líklegasti möguleikinn er að Þrándarstaðir hafi samnýtt fjallendið með Ingjaldshóli fyrst um sinn enda byggjast Þrándarstaðir út frá Ingjaldshóli samkvæmt frásögn *Eyrbyggja sögu*. Á 14. öld hefur Hraunskarð selstöðu við Blágil sem að öllum líkindum hefur verið sú sama og hér er kölluð í Dýjadal. Nokkuð auðvelt hefur verið að komast með fé frá Hraunskarði upp með Höskuldsá, framhjá Dýjadalsvatni og niður í Dýjadal. Ekki eru heimildir fyrir því hversu lengi

Hraunskarð hefur haft í seli við Blágil en selstaðan færir seinna í austasta hluta Sandahrauns og er staðsett þar þegar *Jarðabókin* var tekin saman í byrjun 18. aldar. Eftir að Hraunskarð færir sig um set hafa Þrándarstaðir mögulega tekið við selstöðunni í Dýjadal sem samkvæmt *Jarðabókinni* er í óskiptu landi milli jarðanna Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegjar. Þó kemur til greina að Þrándarstaðir hafi frá fornu fari haft selstöðuna í Dýjadal en að á tímabili hafi hún verið samnýtt af Hraunskarði í skiptum fyrir skipsuppsátur og búð. Hvað Kjalvegjar eru ekki neinar heimildir um að sá bær hafi átt selstöðu. Hafi svo verið hefur hann mögulega haft í seli ásamt Ingjaldshóli í Hólsdal þar sem mun rýmra hefur verið um selför tveggja bæja í Hólsdal heldur en í Dýjadal.

### **3.5. Selstöður Skarðs og Þæfusteins í Skarðslandi**

Skarðs er fyrst getið í samningi Snorra Andréssonar og Hauks Gunnarssonar um reka Keflavíkur frá því um 1350 en þar segir að Skarði hafi fylgt að fornu allur Búrfellsdalur hinn efri. Klaustrið á Helgafelli hafði eignaðist Skarð einhverju áður, en Haukur taldi að Búrfellsdalurinn hefði verið undanskilinn þeim kaupum (*DI* II:849-850). Skarðs er næst getið í máldaga Helgafellsklosturs frá 1377-78 og er þá metið á 20 hundruð og svo 16 hundruð í máldaga frá árinu 1397 (*DI* III:326; IV:166). Hvergi er Skarðs getið í öðrum heimildum. Skarð er með fyrstu jörðum í Neshreppi utan Ennis til að fara endanlega í eyði, eða árið 1936 (*Byggðir Snæfellsness* 1970:377).

Þæfusteins er fyrst getið í heimildum árið 1360 í landamerkjabréfi Gufuskála og Hraunskarðs. Þar segir að Þæfusteinn eigi skipsuppsátur og búð í skiptum fyrir móskurð við Saxhamar í Þæfusteinslandi (*DI* III:140-142). Prestar Nesþinga, þ.e. Ingjaldshóls og Fróðár, sátu á Þæfusteini og gerðu svo enn þegar *Jarðabókin* var tekin saman í byrjun 18. aldar (*JÁP* 1931-33:228). Jörðin var seld klaustrinu á Helgafelli árið 1364 (*DI* VI:16-17) og gefin til upphalds fátækra presta árið 1580. Þjóðsagan hermir að upphaflega hafi jörðin heitið að Steini eða Steinn. Þangað hafi komið gestur, Bárður á Jökli, og beðist gistingar og greiða sem hann hafi fengið gegn því að þæfa tvítuga voð vaðmáls næsta dag. Þegar húsfreyjan ætlar að líta á hvernig gestinum vinnist til er hann farinn, voðin orðin svo þæfð að hún líkist steini og laut eða slakki komin í steininn sem hét eftir það Þæfusteinn (*Íslenskar þjóðsögur* III:196-197).

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* segir um selstöðu Skarðs: „Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi og ljær hana stundum nábúum fyrir góðvilja. Líka vill ábúandi eignast jörðunni land það, sem Ingjaldshólssel stendur í, en það er ekki reynt með lögum hver þar hafi

rjett til eignarinnar á því landi. En rjett Íngjaldshólmanna til selstöðunnar efar enginn“ (*JÁP* 1931-33:230). Þá segir enn fremur um selstöðu jarðarinnar Þæfusteins: „Selstöðu á jörðin í Skarðslandi. En Skarð hingað aftur torfristu, sem hjer fyrir neðan er sagt við Skarð“ (*JÁP* 1931-33:229).

Seljaland Skarðs afmarkast af Laxá í austri og Viðurhlíðarlæk í vestri og nær alla leið upp til Hettudala (*Ö- Vaðstakksheiði og Foss* 1). Þessu landi er lýst í örnefnalýsingu Skarðs svo (*Ö-Skarð* 3):

Með Skarðslæk vestanverðum móti Búrfelli er Steinbogi, það er steinbrú yfir gljúfrin í Blágili. Fyrir framan þetta er svo dalur, sem er nefndur einu nafni Lambatungur. Öðrum megin við lækinn og þar frammar eru sléttar graseyrar, nefndar Viðurhlíðareyrar, allvíðáttumiklar. Upp af þessum eyrum myndast hlíð, sem heitir Viðurhlíð. Efst á henni er stór hamar, sem heitir Bleikshamar. Þar eru flóar beggja megin í hlíðinni; austan við hlíðina eru lágur, nefndar Ausulágar. Eftir sléttum eyrunum vestan við hlíðina er Viðurhlíðarlækur, er eftir sléttum eyrunum, er næsti lækur vestan við Hólmkelu.



Skráðar voru tvær selstöður í seljalandi Skarðs. Er önnur þeirra vestur undir Viðurhlíð alveg innst í dalnum þar sem Viðurhlíðarlækurinn rennur niður í dálitlum fossi. Hin selstaðan er staðsett í dálitlu dalverpi upp af Ausulágum austan við Viðurhlíðina. Eftir dalnum rennur lækur sem sameinast svo Blágili rétt fyrir ofan Steinboga. Líklega hefur selstaða Skarðs staðið undir Viðurhlíð en selstaða Þæfusteins upp af Ausulágum.



Horft frá suðurhlíðum Búrfells meðfram Viðurhlíð vinstra megin og inn í Hólsdal hægra megin. Hér sést vel hvernig hrauntungan skiptir seljalöndunum. Blágil rennur meðfram rótum

### **3.5.1. Selstaða Skarðs undir Viðurhlíð (131:1-6)**


Selstaða Skarðs er staðsett í austasta hluta Hólsdals vestur undir Viðurhlíð þar sem Viðurhlíðarlækurinn rennur fram af hæðunum fyrir ofan í dálitlu gili. Lækurinn rennur framhjá selstöðunni fyrst í norðaustur en beygir svo til norðvesturs. Hann er ekki ýkja breiður en þó vatnsmikill. Meðfram Viðurhlíðinni eru nokkuð grösugar eyrar en vestan lækjarins er ekki samfelld gróðurþekja og landið farið að blása upp á köflum. Alls voru skráðar fimm rústir í selstöðunni og eru þær staðsettar bæði vestan og austan við Viðurhlíðarlækinn en rústirnar austanmegin eru eldri að sjá. Önnur þeirra rústa sem liggur austan við lækinn er alveg frammi á brúninni. Lækurinn gæti hafa náð að mynda rof í hana og þá er mögulegt að einhverjar rústir vestan lækjar séu horfnar. Nokkuð skjólgott er í selinu sem helst er því að þakka að ofan við rústirnar hækkar landið aðeins og myndast þannig ágætt skjól. Ekki er víðsýnt úr selinu nema þegar gengið er upp á hraunið að vestanverðu en þaðan sést til Ingjaldshóls á milli Viðurhlíðarinnar og Búrfellsins. Í baksýn eru svo Skálin sem gnæfir yfir Hólsdal og Hreggnasi í vestsuðvestur. Beitolandið er aðallega meðfram Viðurhlíðinni og fram á Lambatungueyrar en inni í botni selstöðunnar er ekki mikið um gras heldur einkennist gróðurinn af mosa og lyngi. Rústir 131:1 og 131:2 hafa líklega verið íveruhúsin í selinu og skera sig nokkuð úr hvað stærð varðar. Greinileg uppsöfnun mannvistarlagar er á svæðinu í kringum þær sem gefur til kynna að þær standi á eldri grunni. Þær eru auk þess mun meira grasi vaxnar hinar rústirnar. Þessar rústir snúa á móti hvorri annari þannig að á milli þeirra hefur verið gott vinnusvæði og skjól fyrir nánast öllum áttum. Rústir 131:1-4 eru allar úr torfi og grjóti en rústir 131:5 og 131:6 eru sennilega eingöngu úr torfi og líta út fyrir að vera nokkuð eldri og gætu þær, ásamt eldri fösum rústa 131:1 og 131:2, hafa myndað eldri kynslóð selsins. Athyglisvert er að rústir 131:1-4 standa allar vestan Viðurhlíðarlækjarins og eru því staðsettar í landi sem tilheyrir nú Ingjaldshóli en lækurinn ræður merkjum. Hvað aldur varðar gæti yngri kynslóðin hafa verið í notkun um það leyti sem *Jarðabókin* var tekin saman og eldri kynslóðin er því nokkuð eldri, líklega frá því fyrir 1500. Fjarlægð frá bæ hefur verið um 2.7 km.

	
<p>Horft yfir selstöðu Skarðs við Viðurhlíð (ljósm. SEC. Horft mót VSV).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu Skarðs við Viðurhlíð.</p>

### 3.5.2. Selstaða Þæfusteins í Skarðslandi upp af Ausulágum (132:1-2)

Selstaða Þæfusteins í Skarðslandi er staðsett austan við Viðurhlíð í nokkuð þröngum en grösugum dal sem opnast upp frá Ausulágum og liggur í norðvestur-suðaustur. Lækjarsytra rennur eftir dalnum en meðfram honum öllum að norðaustanverðu hefur leiðin upp á Jökulhálsinn, Jökulhálgatan, legið. Selið er staðsett í dalnum miðjum, á árbakkanum austan lækjarins undir dálitlum hraunhól í skjóli fyrir norðaustanáttinni. Aðeins tvær rústir eru í selinu, annars vegar tvöföld kvíarúst og hins vegar afar löng rúst sem samanstendur af sex hólfum sem öll eru að hluta til grafin inn í hraunhólinn. Þetta sérkennilega lag rústarinnar stafar líklega af því að dalurinn er þröngur og ekki mikið um sléttar grasflatir. Þetta hefur því verið eini möguleikinn til að láta öll húsin vísa í sömu áttina. Rústirnar eru úr torfi og grjóti en þó eru engar grjóthleðslur sýnilegar, einungis steinn og steinn á stangli enda eru rústirnar mjög vel grónar. Ekki er sérlega víðsýnt úr selinu en þó sést Búrfellið gnæfa yfir í norðvestri og Viðurhlíðin að vestanverðu. Austurhlíð Viðurhlíðarinnar er þó ekki klettabelti heldur aflíðandi grasi vaxin hlíð. Þegar gengið er fram (norðvestur) tunguna sem selið stendur á mjókkar hún og fyrir endanum, upp við ána, er garðlag sem hefur varnað því að fé hafi runnið auðveldlega úr selinu þeim megin og hjálpað til við innrekstur. Framan við nokkur rýmanna á rúst 132:1 sjást tungur ganga fram sem líklega eru leifar af veggjum sem tilheyrt hafa eldri kynslóðum selsins. Uppi á bakkanum vestan árinna, hinum megin við selið, er fífupollur þar

sem mótekja hefur hugsanlega verið stunduð og á svæðinu má sjá fleiri slíka polla. Móskurður þessi hefur líklega verið til brúks í selinu því jörðin hefur átt nægan móskurð í heimalandi. Beitolandið hefur bæði verið í dalnum og niðri á Ausulágum og hefur þetta verið hið ágætasta seljaland. Þetta sel gæti vel hafa verið í notkun þegar *Jarðabókin* var tekin saman og fjarlægð frá bæ hefur verið um 3 km.



### 3.6. Selstöður Foss og Vaðstakksheiðar

Ekki er greint frá selstöðu frá Fossi eða Vaðstakksheiði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* en þó segir um Vaðstakksheiði að þeir leigi selstöðuna stundum út til nábúenda (*JÁP* 1931-33:231-234). Báðar þessar jarðir eru fornar og er Foss landnámsjörð. Landnámabók segir frá því að einn af sonum Álfarins Volasonar er Hólmkell hét hafi sest að á Fossi (*Landnámabók* 1968) og er Hólmkell á Fossi einn af höfuðpersónum *Víglundar sögu* (*Íslendinga sögur* III). Líkt og margar aðrar jarðir í Neshreppi utan Ennis átti Foss skipsuppsátur í Hraunskarðslandi árið 1360 (*DI* III:140-142) en um svipað leyti er jörðin komin í eigu klaustursins á Helgafelli. Í máldaga klaustursins frá árinu 1377-78 er jörðin metin á 25 hundruð (*DI* III:326). Foss hefur því verið stórbýli. Út frá landnámsjörðinni hefur býlið Vaðstakksheiði snemma byggst og á Vaðstakksheiði einnig skipsuppsátur og búð á vetrum í Hraunskarðslandi (*DI* III:140-142). Þá virðist sem jörðin komist í eigu Helgafellsklausturs á svipuðum tíma og Foss en býlið er metið á 12 hundruð í máldaga klaustursins (*DI* III:326). Hugsanlegt er því að upphaflega hafi hér verið tvíbýli sem hafi orðið að sitt hvorum bænum þegar fram liðu stundir. Laust fyrir aldamótin 1700 ákveður bóndinn á Fossi að flytja sig um set og byggir nýbýlið Sveinsstaði, norðaustur á s.k. Kampi,

en við það leggst Foss í eyði (*JÁP* 1931-33:232). Foss byggist þó aftur upp á endanum og eru þar fimm í heimili í manntalinu árið 1835 (*Þjóðskjalasafn Íslands* 2015). Í örnefnalýsingu Vaðstakksheiðar og Foss segir að vinnumaður á Sveinsstöðum hafi byggt upp Foss að nýju (*Ö-Vaðstakksheiði og Foss* 1).

Alls voru fjögur sel skráð í fjalllendingu fyrir ofan Vaðstakksheiði og Foss. Eru tvö þeirra í Fossdal austan Laxár og í landi Vaðstakksheiðar en tvö eru upp með Kerlingarlæknum. Eru þær staðsettar annars vegar austan og hins vegar vestan við Kerlingarlækinn. Hefur sú vestari tilheyrt Vaðstakksheiði og sú eystri Fossi en þær rústir eru kallaðar í örnefnalýsingu Fosssel (*Ö-Vaðstakksheiði og Foss* 1).





Horft frá suðurhlíðum Búrfells að seljalöndum Vaðstakksheiðar og Foss austan við Laxá sem þó sést ekki á myndinni (ljósm. SEC. Horft mót SA).

### **3.6.1. Selstaða í Fossdal við Laxá í landi Vaðstakksheiðar (122:1-5)**

Fyrri selstaðan liggur í brekkurótum upp með Laxá sem rennur vestan og suðvestan við selið. Beint sunnan við selið rennur Þverlækurinn í Laxá. Þverlækurinn heitir svo því hann þverar Fossdalinn en fyrir sunnan lækinn er brekka sem á stendur einkennilega stór stein. Þessi steinn heitir Hettusteinn (*Ö-Vaðstakksheiði og Foss* 1). Norður af selinu er gott beitiland en


fyrir ofan selið í austri og suðaustri eru blásin melholt. Í Vesturátt, handan Laxár, er hraunbreiða og þar fyrir innan seljalönd Ingjaldshóls og Skarðs. Héðan er mjög víðsýnt. Í norðvestri er Búrfellið en einnig sést vel inn í Dýjadal sunnan við Búrfellið og Saxhamar í norðri. Þá sjást þéttbýlin á Hellissandi og í Rifi. Fjallasýnin samanstendur af Skálinni beint í suðaustri og Hreggnasa suðvestan við selstöðuna. Nokkuð skjólsælt er í selinu þótt það sé ekki á mjög afgirtum stað. Hvar sem staðið er í selinu heyrir niðurinn af Laxánni en beint vestur af selinu er áberandi flatur steinn í ánni og nokkru ofar má sjá að grjótið hefur verið fært til að búa til stalla og lindir. Mögulega hefur þetta verið gert til þess að auðvelda þvotta við ána eða svo auðveldara hafi verið um vik með að ná í vatn. Rústirnar hérna eru fjórar talsins og eru þær allar marghólfa, sú stærsta (121:1) hefur fimm hólfa og mynda hólfin skeifu. Þessi rúst hefur líklega verið íveruhúsið í selinu, a.m.k. einhver rýma hennar. Rústirnar eru allar úr torfi og grjóti en þó sjást hvergi grjóthleðslur. Rústirnar eru allar sokknar og gengnar í þúfur og því nokkuð fornlegar að sjá. Innar í Fossdal skiptast á mýrarflákar og nokkuð grösug beitolönd og hefur þetta því verið hið ákjósanlegasta beitiland sem náð hefur langleiðina uppá Jökulhálsinn. Sennilega hefur þó megnið af beitilandinu næst Jökulhálsinum tilheyrir Fossi. Selstaðan hefur verið í um 1.6 km fjarlægð frá bænum.

	
<p>Horft yfir Laxá þar sem hún rennur framhjá selstöðunni þar sem sjá má hugsanlegan þvottastein, sbr. hér að ofan (ljósm. SEC. Horft mót VSV).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í Fossdal við Laxá í landi Vaðstakksheiðar.</p>

### 3.6.2. Selstaða í Fossdal við Laxá í landi Vaðstakksheiðar (121:1-3)

Seinni selstaðan í Fossdal er staðsett í brekkurótum upp með Laxá en áin rennur beint vestan við selið. Um 100 m norðvestan við selið rennur svo Þverlækurinn sem þverar Fossdalinn og þar Hettusteinninn (*Ö-Vaðstakksheiði og Foss 1*). Í Laxánni þar sem hún rennur framhjá

selinu hafa myndast á náttúrulegan máta stallar í ánni þar sem vatn safnast fyrir í lindir en samskonar lindir var að finna í selinu sem fjallað var um hér að ofan (122:1-5) þótt þær séu líklega manngerðar. Umhverfið er ákaflega líkt því sem lýst var fyrir selstöðuna hér að framan (122:1-5) en hér er þó ekki eins skjólsælt. Rústir selstöðunnar eru þrjár talsins og sker rúst 121:2 sig úr að því leyti að hún er ógreinilegri, ekki vaxin sinu og lítur því út fyrir að vera eldri. Rústirnar eru nokkuð gengnar í þúfur en svæðið í kringum þær er allt nokkuð þýft og er því ekki óhugsandi að fleiri rústir gætu leynst á svæðinu. Beituland þessa sels hefur verið hið sama og lýst var fyrir hið fyrra (122:1-5) en þó getur verið að Þverlækurinn hafi skipt beitulandinu milli þessara selja sem hafa sennilega verið samtíða á einhverjum tímapunkti. Þetta sel getur þó einnig verið nokkru eldra. Selstaðan hefur verið í um 1.8 km fjarlægð frá bænum.





### 3.6.3. Selstaða Vaðstakksheiðar framarlega í Fossdal (124:1-2)

Þriðja selið sem líklega hefur einnig verið frá Vaðstakksheiði er staðsett við austanvert mynni Fossdals og er selinu lýst í örnefnaskrá Foss og Vaðstakksheiðar. Þar segir (*Ö- Vaðstakksheiði og Foss 1*):

Fossdalur (32) er frá Dýjastapa og svo langt sem Kerlingalækur (33) hefir upptök sín. Hann er landamerki að vestan, frá Dýjastapa og fram í upptök lækjarins milli Sveinsstaða og Vaðstakksheiðar. Fossdalur er mjór en mjög grösugur. Þegar maður fer frá Dýjastapa og gengur fram Fossdal, verður fyrir manni, þegar gengnir hafa verið 400-500 metrar, hæð, sem klýfur dalinn á parti. Fremst í þeirri hæð eru rústir, sem líklega hafa verið Sel (34).

Selið er staðsett eins og segir í örnefnalýsingu í brekkurótum sem klýfur dalinn á parti og eru vel gróin beitulönd beggja vegna hæðarinnar. Hæðin sjálf og ásarnir í kring eru allir

uppblásnir. Kerlingarlækurinn rennur um 140 m norðaustan við selstöðuna en um 500 m eru suðvestur út að Laxá. Tvær rústir eru í þessu seli og rennur á milli þeirra lítill lækur sem á uppruna sinn í holtinu fyrir ofan selið. Lækur þessi, sem líklega heitir Sellækur, sameinast svo Kerlingarlæknum en holtið fyrir ofan selið er líklega svokallað Miðmundarholt sem var eyktarmark frá Vaðstakksheiði (*Ö-vaðstakksheiði og Foss 1*). Í kringum rústirnar eru mýrar og rústirnar sem og svæðið allt hlaupið í þúfur. Rústin sem líklegri er til að hafa verið íveruhús (124:1) stendur sennilega á eldri grunni en þó eru rústirnar að sjá ekki mjög unglagar og veggir allir mjög sokknir. Þó getur verið að fremur sé mýrinni um að kenna en háum aldri. Rétt ofan við selið er nokkuð myndarlegur steinn, u.þ.b. í miðri hlíðinni, sem hugsanlega hefur vísað veginn að selinu. Úr selinu er ekki sérlega víðsýnt en þó sést bæði norður og niður til býlanna á láglandinu og í austri blasir Ennið við. Í um 350 m fjarlægð, austan við Kerlingarlækinn, hefur verið önnur selstaða (123:1-2). Beitlandið hefur væntanlega verið hið sama og fyrir selin tvö sem lýst var hér að ofan, þ.e. graslendið fyrir vestan selið alla leið að Laxá. Aldur selsins getur komið heim og saman við að hafa verið í notkun litlu áður en *Jarðabókin* var tekin saman. En af lýsingu *Jarðabókarinnar* má ráða að notkun selsins hafi verið stopul og það stundum lánað nábúum. Selið er því líklega yngst þeirra selja sem tilheyrir hafa Vaðstakksheiði. Selstaðan hefur verið um 1.15 km frá bænum.



	
<p>Horft yfir selstöðu framarlega í Fossdal í landi Vaðstakksheiðar. Kerlingarlækurinn sést á miðri mynd (ljósm. SEC. Horft mót NV).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu framarlega í Fossdal í landi Vaðstakksheiðar.</p>

### 3.6.4. Fossel í landi Sveinsstaða (124:1-2)

Fjórða selið sem skráð var á þessu svæði og líklega það eina sem tilheyrir hefur Fossi er nefnt í örnefnalýsingu Vaðstakksheiðar og Foss þar sem segir (*Ö-Vaðstakksheiði og Foss 1*):

Fyrir austan Kerlingarfoss er lægð í hlíðina, sem Guddulág (33) heitir. Fyrir ofan brúnina er flói, og liggur hann frá Kerlingarlæk og austur að brekkum, og heitir þetta Móhvolf (34), og brekkurnar að austan heita Dagmálabrekkur (35). Klettabeltið fremst í brekkunum, sem ná brúninni, heita (svo) Högg (36), en hæðirnar sunnanverðu við Móhvolfið heita Nauthálsar (37). Þar er rúst rétt við lækinn, sem heitir Fossel (38).

Selið liggur í dálitlu dalverpi sem gengur suðaustur með Kerlingarlæknum. Selstaða þessi er um 300 m frá selstöðu vestan við Kerlingarlækinn (124:1-2) en þó sést ekki á milli seljanna þar sem þetta sel liggur alveg innst í dalverpinu. Suður af selinu opnast fyrst mýrarflákar en þar fyrir ofan er svo nokkuð grösugt beitiland. Mýrarflákar eru einnig norðan við selið sem stendur þó á tungu sem rís nokkuð upp úr mýrinni.

	
<p>Horft yfir Fossel í landi Sveinsstaða. Hægra megin á myndinni sést Kerlingarlækurinn renna úr dálitlu gljúfri (ljósm. SEC. Horft mót SA).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu Fossels í landi Sveinsstaða.</p>

Tvær rústir eru í selinu og er önnur þeirra með nokkuð sérkennilegu lagi þar sem um er að ræða ein fjögur hólf sem byggð eru í L. Líklega hefur þessi rúst verið íveruhúsið í selinu. Rústirnar eru byggðar inn í brekkurætur og gerðar úr torfi og grjóti en engar grjóthleðslur eru þó sýnilegar. Veggir eru nokkuð hrundir að innanverðu en halda sér betur að utanverðu. Selið er í nokkuð góðu skjóli því framan (norðvestan) við selið gengur fram áberandi klettahamar sem þverar dalverið og veitir því gott skjól fyrir bæði norðaustan- og austanátt. Meðfram dalnum að austanverðu ganga Rjúpnaborgirnar en framan við selið er holt eða ás. Á holtinu eru tvær vörður sem sennilega eru eyktarmörk sem heita Dagmálabrekkur (*Ö-Vaðstakksheiði og Foss 1*). Þar sem Kerlingarlækurinn rennur við selið úr dálitlu gili myndast ofurlítill foss en niðurinn í fossinum setur áberandi svip á upplifunina í selinu. Úr selinu er Búrfellið áberandi í norðvestri, einnig sést inn í Dýjadal og hásléttuna þar fyrir ofan. Í vestur er Hreggnasi og Rjúpnaborgirnar í austri. Rétt vestan við selið hefur komið smá rof í gróðurþekjuna og þá hefur einnig myndast dálítið rof í langvegginn á rústinni 123:1. Líklega

hefur þessi selstaða verið í notkun stuttu áður en *Jarðabókin* var tekin saman. Selstaðan hefur verið um 1.2 km frá bænum.

### **3.6.5. Samantekt á selstöðum Vaðstakksheiðar og Foss**

Í heiðalandinu fyrir ofan bæina Vaðstakksheiði og Foss eru fjögur sel. Þrjú þeirra eru í landi Vaðstakksheiðar og eitt í landi Foss, nú Sveinsstaða, líkt og greint hefur verið frá hér að ofan. Selin tvö við Laxá í landi Vaðstakksheiðar eru líklega samtíða og aðeins eru um 200 m á milli þeirra. Sé tilgátan rétt um að upphaflega hafi Vaðstakksheiði og Foss verið tvíbýli má því e.t.v. gera því skóna að seljaland þessara bæja hafi verið óskipt í fyrstu og selin sett niður á sama stað til að nýta sama seljalandið. Þegar fram liðu stundir hefur komið til ákveðnari skipting á fjalllendi bæjanna og hefur þá sel Foss verið flutt austur yfir Kerlingarlækinn og hefur síðan verið kallað Fosssel. Á einhverjum tímamarki hefur sel Vaðstakksheiðar einnig verið flutt, þá vestur yfir Kerlingarlækinn. Þessi sel gætu vel hafa verið samtíða og hafa verið í notkun þegar *Jarðabókin* var tekin saman.

### **3.7. Selstaða Ólafsvíkur (125:1-n)**

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* er hvorki nefnd selstaða Ólafsvíkur né Fossárdals (*JÁP* 1931-33:234) en hins vegar segir í sýslu- og sóknalýsingu að til forna hafi Ólafsvík brúkað selstöðu (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1970:138). Í örnefnalýsingu á fjalllendi Ólafsvíkur koma fyrir örnefnin Sellækir, Selhólar og Seljadalur. Seljadalur er sagður í Fossárdalstungum á milli Neðri-Folahnúks og Lambafells, Selhólar neðanhalt í Gerðuberginu en Sellækir eru hins vegar brekkur fyrir ofan Bæjarmýri við Ólafsvíkurgil (*Ö-Ólafsvík* 1).

Ólafsvík er landnámsbær skv. Landnámu og þar bjó Ólafur belgur sem nam land frá Enni að Fróðá. Ormur hinn mjóvi rekur þó Ólaf í burtu og sest sjálfur að á Fróðá sem verður höfuðból sveitarinnar (*Landnámabók* 1968). Ólafsvík er þó ekkert kotbýli og var metið á 30 hundruð í máldaga klaustursins á Helgafelli sem líklega hefur eignast Ólafsvík upp úr árinu 1200 (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Á. Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988). Því má spyrja hvers vegna jafn stöndugur bær og Ólafsvík hefur ekki haft selstöðu þegar *Jarðabókin* var tekin saman. Það skýrist e.t.v. af því að þegar fram liðu stundir hafi aðal bjargræðisvegurinn smám saman færst frá kvikfjárrækt yfir í sjósókn og því hafi seljabúskapur lagst snemma af hafi hann á annað borð verið stundaður. Þessu mælir þó í mót tölur yfir kvikfé milli Ennis og Höfða sem koma fram í *Jarðabókinni* snemma á 18. öld. Þar er engu minna kvikfé í Ólafsvík heldur en á flestum öðrum bæjum í Fróðárhreppi ef frá eru

taldir Brimilsvellir (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Á. Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988:190-191).



Grjóthóllinn við Hvalsá þar sem skráðar voru rústir 125:1 (ljósm. SEC. Horft mót S).

Selstöðu Ólafsvíkur var leitað á svæðinu sem hafa afmarkast í norðri af hæðunum fyrir ofan þéttbýlið í Ólafsvík, í suðri af Hróa og Gerðubergi, í austri af Fossárdal og loks af Enninu og Ólafsvíkurgilinu í vestri. Fimm vatnsföll eru á svæðinu: austast lækur sem rennur um Ólafsvíkurgil, þá Hvalsá sem kemur úr Hróa, Fossá sem rennur ofan af Jökulhálsinum, þá lækur um Gerðubergsdal sem rennur í Fossá og loks lítill lækur um Fossárdalstungur sem einnig rennur í Fossá. Líklegt er að selstöðu Ólafsvíkur sé að finna við eitthvert þessara vatnsfalla og voru þau öll könnuð á vettvangi. Frá Ólafsvíkurgili að Fossá skiptast á mýrarholt og blásnir grjóthólar. Á fáum stöðum er almennilegt skjól fyrir vindi. Engin selstaða fannst á þessu svæði en skráðar voru fornleifar sem staðsettar voru undir nokkuð stórum grjóthól þar sem finna mátti skjól fyrir norðanáttinni (125:1). Steininn er staðsettur u.þ.b. á miðju svæðinu sem lýst var hér að ofan en norðvestan við hann rennur Hvalsáin. Um er að ræða tvær rústir sem staðsettar eru annars vegar norðan og hins vegar vestan við steininn. Veggir rústanna hafa verið gerðir úr grjóti en þeir eru þó allir mjög hrundir og ekki sjást eiginlegar veggjahleðslur heldur aðeins mótartóljóst fyrir veggjum á stöku stað. Ólíklegt verður að teljast

að þessar rústir hafi verið selstaða Ólafsvíkur og auk þess benda örnefni ekki til þess að hér hafi selstaðan hafi verið. Í Fossárdalstungum og Gerðubergsdal er nokkuð samfelld gróðurþekja og gefa örnefni vísbendingu um að þar gæti selstaða leynst. Þó eru þarna fáir álitlegir staðir sem hafa verið í skjóli fyrir veðri og vindum. Gerðubergsdalur hefur þar að auki verið nokkuð snjóþungur. Ekki fundust neinar rústir á þessu svæði en nokkuð mýrlent er á svæðinu þannig að ekki er óhugsandi að selstaða sem líklega er nokkuð forn sé nú gjörsamlega sokkin í mýri. Ekki liggur því fyrir hvort eða hvar Ólafsvík hefur haft í seli. Hugsanlega mætti velta því fyrir sér að seljafólk hafi farið með afurðirnar heim að bæ að kveldi og því ekki um að ræða mikinn húsakost í selinu. Gæti það rímað við þær fornleifar sem skráðar voru við Hvalsá: smalakofarúst og gerði eða aðhald. Heldur hefur þó verið um langan veg heim að fara eða um 1-2 km.

### **3.8. Selstöður í landi Fróðár á Fróðárheiði**

Fróðá er fornt bæjarstæði en *Landnáma* segir að fyrstur til að nema land frá Enni að Fróðá hafi verið Ólafur belgur. Seinna hafi Ormur hinn mjóvi komið að landi í Fróðárósi og sest að á Fróðá eftir að hafa rekið Ólaf belg í burtu (*Landnámabók* 1968). Þorbjörn hinn digri tók við búi á Fróðá eftir Orm föður sinn en hann kemur mikið við sögu í *Eyrbyggja sögu*. Almennt er talið að landnámsbærinn sé þar sem hjáleigan Fornu-Fróðá varð síðar og hefur aðalbólið því verið flutt til. Snemma hefur verið komin kirkja að Fróðá en í hvammi fyrir ofan Fornu-Fróðá mótar fyrir kirkjugarði og er kirkja þar nefnd í kirknaskrá Páls biskups sem er frá því um 1200 (*DI XII:11*) en kirkjan að Fróðá átti hálfu heimaörðina (*DI III:108-109*). Kirkjan að Fróðá þjónaði öllu Nesþinginu þar til kirkja reis á Ingjaldshóli árið 1317. Fróðá hefur líklega alla tíð verið stórbýli en í *Jarðabókinni* er jörðin öll til samans að fornu og nýju metin á 40 hundruð en hefur snemma verið skipt upp í þrjú býli (*JÁP* 1931-33:240).



#### **3.8.1. Slögusel í landi Fróðár (127:1-7)**

Í örnefnalýsingu segir (*Ö-Fróðá 2*):

Upp af austurhorni Árnarparts er lítið vatn, sem heitir Múlavatn. Austan við Múlavatn eru dældir sem heita Slögudalir, á milli þeirra Múlahryggur og þar klettahnúkur sem heitir Slaga. Einn af syðri hellunum heitir Björnshellir. Vestan undir slögu eru fornar Seltóttir. Heitir þar Slögusel.

Selstaðan er staðsett vestur og suðvestur undir Slöguhrygg ofarlega í brekkurótum í nokkuð grösugu dalverpi sem myndast á milli Fróðármúlans, Slöguhryggjar og Slögu þar sem hún rennur í nokkuð þröngum farvegi ofan af Fróðárheiðinni. Dalverpið sem selið er staðsett í er nokkuð vel gróið en holtin ofan á Fróðárheiðinni nokkuð blásin. Lítill lækur rennur framhjá

rústunum í selinu og liggja rústir 127:5-6 vestan við lækinn en hinar rústirnar austan við. Auk lækjarins eru nokkuð margar lækjarsytrur á svæðinu og því blautt undir fótinn víðast hvar og umhverfið allt hlaupið í þúfur. Gömul þjóðleið frá Fróðárhverfi til Breiðavíkur um Kambsskarð liggur framhjá selinu en það er á ánni suður af selinu þar sem heitir Slöguyað. Nokkuð skjólsælt er í selinu vegna þess hversu langt undir Slöguhryggnum það situr og líklega skiptir hér mestu máli að selstaðan er í vari fyrir sunnanáttinni sem getur orðið ansi hvöss á þessum slóðum. Skjólið gerir það þó að verkum að ekki er mjög víðsýnt úr selinu, aðeins sést í klettabeltin austan við Slögu og svo Fróðármúlinn í norðvestri. Alls voru skráðar sjö rústir í selinu en þær eru mjög mis greinilegar og er rúst 127:4 lítið annað en stórþýfður hóll sem hugsanlega hefur að geyma mannvistarleifar.

	
<p>Horft yfir Slögusel í landi Fróðár (ljósm. SEC. Horft mót A).</p>	<p>Yfirlitsteikning af Slöguseli í landi Fróðár.</p>

Rústirnar í selinu eru allar gerðar úr torfi og grjóti en þó sést hvergi fyrir grjóthleðslum. Rústirnar eru líklega ekki allar samtíða en þær gætu tilheyrnt a.m.k. tveimur kynslóðum selja. Stærsta rústin í selinu (127:1) sem líklega hefur verið íveruhús ber þess einnig merki að hafa verið nýtt áfram eftir að selið var aflagt. Hæð veggja er mun meiri að innan- en utanverðu og virðist ekki ólíklegt að menn hafi komið að föllnum seljarústunum grafið niður í þær og hlaðið upp að nýju. Gott beutiland er í dalverpinu sem selið er staðsett í en einnig er prýðisgott beutiland í Seljadalnum norður með Fróðá. Hvað aldur selstöðunnar varðar þá má telja líklegt að yngri kynslóð selstöðunnar hafi lagst af nokkuð áður en *Jarðabókin* var tekin saman, hugsanlega á 16. eða 17. öld. Rústir yngri kynslóðarinnar hafa líklega samanstæðið af rústum 127:1-2 og 127:5. Líkt og áður var nefnt er mögulegt að rúst 127:1 hafi einnig verið nýtt á seinni tímum, hugsanlega í tengslum við ferðir farnar til slægna.

Eldri kynslóð selstöðunnar hefur því samanstæðið af rústum 127:3-4 og 127:6-7. Fjarlægð frá bæ hefur verið 2.8 km.

### **3.8.2. Selstaða í Hestdal í landi Fróðár (126:1-2)**

Í örnefnalýsingu um örnefni á Fróðárheiði segir (*Ö-Fróðá 3*):



Fyrir vestan Fróðá uppi á heiðinni eruð víðlendar mosabreiður. Heitir þetta svæði Skarðsvellir. Um þá liggur vegur sem farið er þegar um Kambsskarð er farið. Upp af Skarðsvöllum sunnarlega heitir Moldarmúli, hár tindur. Vestan við hann er dalverpi sem heitir Hestdalur. Í honum eru gamlar seltóttir. eru þær í tungu milli lækja. Tungan heitir Seltunga.

Hins vegar segir í sýslu- og sóknalýsingu Breiðavíkurprestakalls (*Sýslu- og sóknalýsingar 1970:103*):

Selstöður veit eg ekki til, að hér hafi verið brúkaðar í sveitinni, nema frá Knör. Þaðan skulu í fornöld hafa verið tíðkuð 3 sel, 1 á sokölluðum Bakkadal; hann er á Fróðárheiði – 2ð á Hestdal, bak við Hest, nærri upp undir Stórakambi, og það 3ðja á sonefndu Seltagli.

Selstaðan er staðsett líkt og heimildirnar greina frá í tungu milli tveggja lækja innst inni í Hestdal. Lækirnir koma neðan úr Hestinum austanverðum og sameinast svo neðan við tunguna og renna loks út í Hvammsfoss í Slögu eftir Skarðsvöllum. Hestdalurinn er nokkuð grösugur en meðfram lækjunum sem sýnilega breyta um farveg reglulega er nokkuð um rof í gróðurþekjuna. Einnig er nokkuð rof í hlíðinni suðaustan við rústirnar en er ekkert rof er þó í og við selstöðuna sjálfa.



Rústir selstöðunnar eru tvær, ein afar löng grjóthlaðin kvíarúst (126:2) en hin nánast skálalaga (126:1) þótt í henni megi nokkuð greinilega sjá rýmaskiptingu. Rúst 126:1 hefur líklega verið íveruhús en á öðrum gaflveggnum má sjá leifar af rás sem hugsanlega hefur náð í gegnum vegginn. Frá gaflveggnum að utanverðu hafa verið skjólveggir og því er líklegt að rásin hafi verið til þess að reykraesta húsið. Ekki er mjög víðsýnt úr selinu því norðurhluti Hestsins og Efriskarðsvellir þar fyrir framan byrgja sýn að vestanverðu og Knarrarfjallið og Moldarmúli að austanverðu. Hins vegar er nokkuð skjólgott í selinu. Um 1.5 km fyrir vestan selstöðuna liggur þjóðleiðin um Kambsskarð milli Hestsins og Einbúa. Gott beitiland hefur verið í Hestdalnum og einnig á Skarðsvöllum sunnan við Hestdalinn og Moldarmúla. Aldur selstöðunnar er á að giska nokkuð forn og er ekki að sjá að fleiri en ein kynslóð selja hafi verið í selstöðunni. Selið gæti því hafa fallið úr notkun á að giska í kringum árið 1500. Þrátt fyrir að selstaðan sé nú í landi Fróðár og neðan við vatnaskil þá er líklegt að hér hafi verið haft í seli frá Knörr í Breiðuvík, sunnan fjallgarðsins, í um 2.5 km fjarlægð frá bæ. Hafi selstaðan hins vegar verið frá Fróðá hefur hún verið um 5.6 km frá bænum.

	
<p>Horft út eftir Hestdal yfir selstöðuna. Rúst 126:1 sést fyrir miðju (ljósm. SEC. Horft mót A).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu í Hestdal í landi Fróðár.</p>

### 3.9. Selstaða Brimilsvalla (130:1-n)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* segir um selstöðu Brimilsvalla: „Selstaða, sem jörðin átti í heimalandi, er nú aldeilis eyðilögð af skriðum, og vilji menn selstöðu hafa þá þarf hana út að kaupa“ (*JÁP* 1931-33:246). Í örnefnalýsingum Brimilsvalla er ekki að finna nein örnefni sem geta gefið vísbendingar um hvar þessi selstaða hefur verið (*Ö-Brimilsvellir* 1).

Land Brimilsvalla til fjalls hefur náð upp með Stafabergsá að Valafelli í vestri og að Rauðalæk og Staginu í austri alveg upp að Korraskarði. Ofan úr Vallnahnúk renna tvö vatnsföll til sjávar í Vallnavík, Vallnalækur vestar en Skollaá austar. Á svæðinu, millum lækjanna, má sjá að skriður hafa fallið úr Vallnahnúki bæði gamlar og yfirgrónar sem og yngri. Hafi selstaða verið hér hefur mátt komast í ágætis beitiland uppi í Vallnadal og einnig á einskona hásléttu sem gengur fram úr Vallnahnúki að norðanverðu. Hér sáust þó engar seljarústir. Annar mögulegur staður fyrir selstöðuna er upp með Staðarbergsá í um 400 m hæð yfir sjávarmáli þar sem örnefnið Seltungur er að finna en þær virðast vera norðaustan við Valafell og Valavatn á Fróðárheiði og norðvestan og fram af Vatnadölum. Þessi staður var þó ekki kannaður á vettvangi en mætti e.t.v. kanna betur síðar.

	
<p>Horft niður frá hlíðum Vallnahnúks niður í Fróðárhverfi. Á þessum slóðum mun beutiland selstöðunnar hafa verið (ljósm. SEC. Horft mót ANA).</p>	<p>Gamlarétt í landi Brimilsvalla og býlið Brimilsvellir þar fyrir neðan (ljósm. SEC. Horft mót N).</p>

Brimilsvellir eru nefndir í *Landnámabók*. Þar segir að Ormur hinn mjóvi hafi fyrst búið á Brimilsvöllum áður en hann settist að Fróðá eftir að hafa hrakið Ólaf belg úr landnámi þess síðarnefnda milli Ennis og Fróðár (*Landnámabók* 1968). Brimilsvellir hafa verið stórbýli og er jörðin metin á 40 hundruð í *Jarðabókinni* (*JÁP* 1931-33:246). Líkur eru á að þar hafi verið bænhús áður fyrr en í máldaga Fróðárkirkju eru nefnd tvö bænhús sem tilheyra Fróðársókn. Annað þeirra hefur verið í Mávahlíð og hitt hefur sennilega verið á Brimilsvöllum (*DI* III:108-109). Jörðin hefur líklega snemma skipst upp í fleiri býli en þegar komið var fram á 18. öld var heimabærinn almennt kallaður Vallnabær og var þar tvíbýli (*JÁP* 1931-33:246). Líkt og með Ólafsvík má spyrja hvers vegna jafn stöndugur bær og Brimilsvellir hafi ekki séð ástæðu til að endurbyggja selstöðuna eftir að hana tekur af í skriðum. Líkleg skýring er sú að meiri áhersla hafi verið á sjósókn hér heldur en annars staðar í Fróðárhreppi en á heimabænum Vallnabæ hafa báðir bændurnir haft eigin báta sem sinn aðal bjargræðisveg (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988:213).



### **3.10. Selstaða Hrísa við Hrísa (128:1).**

Um selstöðu Hrísa segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*: „Selstaða er til í heimalandi og brúkast því ei“ (*JÁP* 1931-33:232). Hrísar eru sennilega seinasta stóra jörðin í Fróðárhreppi til þess að byggjast en líklega eru allir helstu staðir sveitarinnar komnir í byggð um 1200, þ.e. Mávahlíð, Brimilsvellir og Fróðá (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Á. Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988). Hrísar byggjast þó sennilega ekki ýkja löngu eftir það, líklega út frá Mávahlíð eða Brimilsvöllum. Jörðin er metin að 16 hundruðum í *Jarðabókinni* og hefur

Því verið góð meðaljörð. Á 20. öld var nafni Lómakots breytt í Efri-Hrísá en við það breyttist nafn aðaljarðirnar í Neðri-Hrísar. Þar var þó löngum margbýlt og byggðin kölluð einu nafni Hrísapláss. Í örnefnaþýsingu Hrísá segir (*Ö-Hrísar* 1):

Fyrir sunnan túnið er hæð sem heitir Gónir. Er það blásinn móhryggur. Fyrir framan hann eru grasdældir sem heita Hrísalágar. Ná þær fram að læk sem heitir Skálalækur. Kemur hann niður með Stagfelli úr svonefndri Skál. Fyrir framan Skálalæk er hlíð sem Hrísahlíð heitir. Niður við ána, framarlega með Hrísahlíð eru seltóftir. Fyrir framan seltóftirnar taka við lyngmóar og graslægðir, eru það kallaðar Selbingir. Fyrir framan Selbingi eru klettur sem heita Glyttir. Þar upp af er Álftadalur.

Selstaða Hrísá er staðsett skammt suðvestur af Hrísá í brekkurótum sem rísa dálítið upp af sléttunni fyrir framan Stagfellið. Líttill lækur rennur framhjá selinu út í Hrísá til vestnorðvesturs. Í kringum selið er vallendisgróður og nokkuð mýrlent en suðaustan við selið og ofar eru blásnir melhólar. Beitalandið sem hefur verið meðfram Hrísánni upp að Stagfelli og Álftadal hefur verið sámlengt. Frá seli sést heim að Neðri-Hrísunum og þá glittir einnig í Mávahlíðarvaðal og Ábótapoll vestast í honum.

	
<p>Horft frá selstöðu Hrísá upp með Hrísá niður að Mávahlíðarrífi (ljósm. SEC. Horft mót NA).</p>	<p>Rúst 128:1 í selstöðu Hrísá.</p>

Aðeins ein rúst var skráð í selinu og er hún byggð að hluta til inn í brekkuræturnar. Rústin er nokkuð óvenjuleg í laginu og samanstendur af tveimur eða þremur niðurgröfnum rýmum og gerði út frá þeim sem auðveldað hefur innrekstur. Ólíklegt er því að rústin hafi verið íveruhús og virðist hún eingöngu tengd skepnuhaldi. Mögulega má skýra þetta með því að rústirnar hafi verið nýttar í seinni tíð þannig að grafið hefur verið niður í gamlar selrústir og hlaðið upp tvö hús auk gerðisins út frá þeim. Einhvern tímann hefur myndast rof í rústirnar sem síðan hefur náð á gróa upp. Sjá má eldri veggjabrot stingast undan rústinni að austanverðu og verður því að telja að þær rústir sem eru greinilegastar á yfirborði séu ekki



þær einu sem hér er að finna. *Jarðabókin* telur að ástæða þess að selið var aflagt sé fjarlægð þess frá bæ. Hugsanlega hefur selið verið staðsett hérna til þess að safna hrísi en örnefni og bæjarnafnið virðist benda til þess að hrístekja hafi verið góð á svæðinu. Í *Jarðabókinni* segir ennfremur: „Hrísrif sem verið hefur er eyðilaggt aldeilis“ (*JÁP* 1931-33:252). Aftur bendir þetta til þess að Hrístekja hafi verið stunduð á svæðinu og því ekki ólíklegt að seljafólk hafi haft þann starfa að safna hrísi auk þess að sinna búsmalanum. Hafi svo verið gæti það einnig skýrt hvers vegna seljarústunum var breytt á seinni tímum, þ.e. eftir að hrísið hverfur er eingöngu þörf á innrekstrarmannvirkjum því hægt hefur verið að fara með framleiðsluna heim að bæ á hverju kvöldi, en aðeins um 800 m eru frá selinu heim að Hrísum. Hvað aldur selstöðunnar varðar þá má telja líklegt að a.m.k. eldri kynslóð hennar hafi fallið úr notkun áður en *Jarðabókin* var tekin saman en mögulega hefur yngri fasinn verið nýttur eitthvað áfram.

### **3.11. Selstaða Mávahlíðar í Kálfadal (129:1-3).**

Ekki greinir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* frá því að Mávahlíð hafi átt selstöðu (*JÁP* 1931-33:256-258) eða þeir bæir sem byggðir voru úr landi Mávahlíðar, þ.e. Tröð, Hólkot og Þorsteinskot. Samkvæmt örnefnalýsingu áttu þessir bæir þó sameiginlegt beitarland á fjalli (*Ö-Fagrahlíð* 1). Þótt Mávahlíð sé ekki landnámsjörð hefur jörðin snemma byggst ef marka má frásögn *Eyrbyggja sögu* þar sem segir að önnur dóttir Þórólfs bægifótar sem Geirríður hét hafi búið í Mávahlíð (*Íslendinga sögur* IV). Mávahlíð á búð og skipsuppsátur í Hraunskarðsjörð árið 1260 (*DI* III:140-142) og bænhús hefur verið í Mávahlíð a.m.k. frá árinu 1355 (*DI* III:108-109). Mávahlíð hefur lengstum verið í bændaeigu fyrr á öldum en um árið 1500 hefur Helgafellsklaustur eignast jörðina. Eftir siðaskipti verður Mávahlíð því ein af þeim jörðum sem heyrðu undir Stapaumboðið (Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson 1988:109-110). Þrátt fyrir að engar heimildir séu um selstöðu Mávahlíðar þá hafa lengi verið þekktar rústir í Kálfadal sem menn töldu vera sel Mávahlíðar og auk þess eru seljaörnefni allt þar í kring (*Byggðir Snæfellsnes* 1970:166). Í örnefnalýsingu Mávahlíðar segir: „Vestan við Svartbakafell er gil sem heitir Glaumsgil. Neðst í Svartbakafelli heita Seltungur. Upp af Seltungum er Selbrekka. ... Fyrir heiman Kálfá heita Seleyrar. Fyrir norðan Kálfá, en neðan Hríshlíð, eru Seltóftir við hól, sem Selhóll heitir“ (*Ö-Mávahlíð* 1).

Selstaðan er staðsett líkt og örnefnalýsingin greinir upp við Selhól rétt norðan við Kálfá þar sem hún rennur í þröngu gili áður en hún sameinast Holtsá nokkru vestan við selið.

Áberandi klettabelti úr stuðlabergi er beint vestur af selinu, Hofborgin á Tungufellinu, en suður af selinu, á tungunni milli Kálfár og Glaumsgils sem heita Seltungur eru rústir af gamalli fjárrétt úr torfi og grjóti. Seljarústirnar kúra í brekkurótum Selhólsins sem er nokkuð brattur en eyrarnar framan við selið eru vel grónar en nokkuð blautar.

	
<p>Horft yfir selstöðu Mávahlíðar í Kálfadal og út eftir dalnum þar sem Kálfá sameinast Holtsá (ljósm. SEC. Horft mót VNV).</p>	<p>Yfirlitsteikning af selstöðu Mávahlíðar í Kálfadal.</p>

Rústirnar sem eru þrjár talsins eru allar nokkuð sokknar sem stafar líklega af því hversu blautt svæðið er. Hugsanlegt er því að fleiri rústir gætu hafa verið í selinu þótt þær sjáist nú ekki á yfirborði. Þar sem Kálfá rennur framhjá selinu hafa myndast á stöku stað rof í gróðurþekjuna sem gætu ógnað selstöðunni nái þau að stækka. Holtsárdalurinn er nokkuð grösugur og hið ákjósanlegasta seljaland og er selstaðan sjálf í nokkuð góðu skjóli fyrir norðan og norðaustanátt. Hvað aldur þessara rústa varðar má telja líklegt að þær hafi verið fallnar úr notkun nokkuð áður en *Jarðabókin* var tekin saman, jafnvel um árið 1500. Fjarlægð frá bæ hefur verið um 1.4 km.

## 4. Samantekt og umfjöllun

Eins og áður kom fram voru skráðar alls 82 fornleifar í 21 seli sumarið 2015 og hafa því alls verið skráðar 204 fornleifar og 49 selstöður í verkefninu öllu. Fjallað var nokkuð ítarlega um allar selstöður sem skráðar voru í sumar, 2015, hér að framan. Í þessum hluta verður gerð tilraun til að lýsa meginatriðum seljabúskaparins í hinu forna Nesþingi auk þess sem hann verður borinn saman við seljabúskapinn í Helgafellssveit og Eyrarsveit sem og annars staðar á Íslandi og í nágrennalöndunum. Svipaður kafli birtist í skýrslum rannsóknarinnar fyrir sumrin 2011 og 2012. Því verður óhjákvæmilega nokkuð um tvítekningar hér.

### 4.1. Rústirnar

Í töflu hér að neðan má sjá samantekt um helstu atriði hvernar selstöðu fyrir sig. Fjöldi þeirra rústa sem skráður var á hverjum stað er mismunandi en í töflunni eru eingöngu rústirnar teknar með, náttúrumyndanir sem mögulega hafa verið notaðar sem geymslur og garðlög eru ekki höfð með. Segja má að í hinu forna Nesþingi sé meðaltala rústa í seli þrjár rústir þegar tekið hefur verið tillit til þeirra staða þar sem líklega eru fleiri en ein kynslóð selja. Þetta eru sambærilegar tölur og fengust fyrir Helgafellssveit og Eyrarsveit þar sem algengt var að 3-4 rústir væru í seli.

Þessi tala, þrjár rústir í seli, kemur vel heim og saman við margar aðrar selstöður sem skráðar hafa verið. Sem dæmi má nefna selstöður sem skráðar hafa verið í Reykjanesbæ, þar sem rústirnar eru yfirleitt á bilinu 2-4 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir 2008), í Seljadal þar sem þær eru á bilinu 2-6 (Ásta Hermannsdóttir 2009) og selstöður rannsakaðar í verkefni sem náði til Skagafjarðar, Berufjarðar og undir Eyjafjöllum þar sem rústirnar voru vanalega 1-2 og skiptust upp í alls 3-4 rými (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:91).

Í BA ritgerð í fornleifafræði sem skrifuð var við Háskóla Íslands tók Albína H. Pálsdóttir saman upplýsingar um þær selstöður sem skráðar höfðu verið með svokallaðri aðalskráningu. Í þess háttar skráningu er fyrst og fremst stuðst við ritaðar heimildir til að finna mögulegar fornleifar og þær síðan staðsettar á vettvangi. Könnunin náði til alls 209 selstaða einkum á Norðurlandi og Suðvesturlandi. Af þessum 209 selstöðum voru í 72% tilvika á bilinu 1-3 rústir í hverri selstöðu en á 95 stöðum var aðeins að finna eina rúst, þó oft marghólfa (Albína H. Pálsdóttir 2005:44). Af þessu má sjá að sé einungis horft á fjölda þeirra rústa sem finnast í hverri selstöðu virðast selin á norðanverðu Snæfellsnesi falla vel að því mynstri sem þekkist annars staðar á landinu.

Heiti	Fj. rústa	M.y. sjó	Frá hvaða bæ?	Áætlaður aldur	Fjarlægð frá bæ
Selstaða í Kálfadal	1	150	Gufuskálar	1550-1900	5.3 km
Selstaða undir Rauðhól	6	101	Gufuskálar	-1550 / 1550-1900	4.7 km
Selstaða í jaðri Prestahrauns	5	112	Gufuskálar	-1550	4.7 km
Selstaða í Prestahrauni	7	111	Gufuskálar	1550-1900	4.4 km
Selstaða í Prestahrauni	6	111	Gufuskálar	1550-1900	4.4 km
Selstaða í Löngulág	2	103	Gufuskálar /	-1200	4.3 km /
			Írskubúðir		3.75 km
Selstaða vestan Höskuldsár	4	52	Hraunskarð	1550-1900	0.9 km
Selstaða Hellu hin yngri	2	66	Hella	1550-1900	1.25 km
Selstaða Hellu í Breiðadal	1	69	Hella	-1200	2 km
Selstaða í Dýjadal	5	79	Prándarstaðir /	1559-1900 /	3.25 km /
			Hraunskarð	-1550	4 km
Selstaða í Hólsdal	2 /	89	Ingjaldshóll /	-1550 /	4.2 km /
	4		+ Kjalvegur	1550-1900	3.9 km
Selstaða undir Viðurhlíð	6	105	Skarð	-1550 /	2.7 km
				1550-1900	
Selstaða upp frá Ausulágum	2 <sup>1</sup>	110	Þæfusteinn	1550-1900	3 km
Selstaða í Fossdal við Laxá	5	132	Vaðstakksheiði	-1550	1.6 km
Selstaða í Fossdal við Laxá	3	138	Vaðstakksheiði /	-1550	1.8 km
			Foss		
Selstaða fremst í Fossdal	2	113	Vaðstakksheiði	1550-1900	1.2 km
Fosssel við Kerlingarlæk	2	135	Foss	1550-1900	1.2 km
Slögusel á Fróðárheiði	7	192	Fróðá	-1550 /	2.5 km
				1550-1900	
Selstaða í Hestdal	2	303	Knörr	-1550	2.5 km
Selstaða við Hrísá	1	48	Hrísar	1550-1900	0.8 km
Selstaða við Kálfá	3	51	Mávahlíð	-1550	1.4 km

Helstu atriði þeirra selja sem skráð voru sumarið 2015. Sums staðar eru um tvær kynslóðir selja að ræða í selstöðu og er þá ætlaður aldur fyrir hvora kynslóðina fyrir sig. Eins getur verið að ekki sé öruggt um hvaða bær hafi átt viðkomandi selstöðu eða að þar hafi orðið breyting á.

Ennfremur virðist sem svo að þetta mynstur eigi einnig við í Noregi og í Færeyjum. Í fornleifarannsóknnum sem gerðar hafa verið á selstöðunni Argisbrekku við Eiðisvatn í Færeyjum eru rústirnar margar en Ditlev Mahler, sem rannsakað hefur rústirnar, telur að aðeins hafi 2-3 hús verið í notkun í einu en alls hafi verið um 12 mismunandi skeið eða kynslóðir á staðnum (Mahler 2007:260-264). Í Noregi má segja að algengt hafi verið að


<sup>1</sup> Þó rústirnar hafi aðeins verið tvær var önnur rústanna með sex hólf.

herbergin í selstöðunni væru tvö til fjögur, en fjöldi húsa var þó breytilegur eftir því með hvaða hætti selstaðan var nýtt (Reinton 1976).

Í þeim fáu ritheimildum sem til eru um seljabúskap kemur fram að húsin í selinu hafi verið fá eða á bilinu tvö til þrjú. Í *Laxdæla sögu* segir frá seljabúskap Bolla Þorleikssonar með eftirfarandi hætti: „Selin váru tvö, svefnsl ok búr“ (*Íslendinga sögur* IV:170). Er þetta í eina skiptið í *Íslendingasögunum* sem fjöldi húsa í seli er nefnd. Þýski sagnfræðingurinn Egon Hitzler kannaði ritaðar heimildir um seljabúskap á Íslandi frá miðöldum og komst að þeirri niðurstöðu að þegar ritheimildirnar nefna hús í selstöðu hafi í raun verið um herbergi í húsalengju fremur en aðskilin hús að ræða (Hitzler 1979:72). Reyndar má deila um hvort Hitzler sé að öllu leyti treystandi því í umfjöllun sinni um selstöður nefnir hann að eitt form seljabúskapar hafi verið í hellum (Hitzler 1979). Myndirnar sem hann birtir með þeirri umfjöllun sýna hins vegar að viðkomandi hellar eru fjárból en þau eru vel þekkt frá seinni tíð og allt annars eðlis en sel (sjá t.d. Jónas Jónasson 1945:99).

Undir lok 18. aldar skrifaði Guðlaugur Sveinsson, prestur í Vatnsfirði, grein í *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* þar sem hann hvatti aðra bændur til þess að taka upp seljabúskap. Þar segir Guðlaugur að sumir hafi selhúsin tvö, svefnhús og eldhús, en bætir því við að sér þyki þó betra að hafa húsin þrjú; svefnhús, eldhús og búr (Guðlaugur Sveinsson 1786:201-202). Hér ber þó að hafa í huga að þótt Guðlaugur nefni þrjú hús er ekki víst að hann eigi við þrjú sérstök hús heldur má allt eins telja, miðað við þá húsagerð sem tíðkaðist á 18. öld, að Guðlaugur eigi hér við þrjú sambyggð hús eða eina húsalengju með þremur aðskildum herbergjum.

Í rannsóknunum í Helgafellssveit kom í ljós að á flestum þeim stöðum sem skoðaðir voru var ein rústanna áberandi stærst og skiptist hún í fleiri rými eða herbergi, yfirleitt þrjú eða fjögur, sem lágu samsíða og í umfjöllun um þær rústir voru þær jafnan verið kallaðar „aðalrústirnar“ í selinu og túlkaðar sem íveruhús. Þessar marghólfa rústir fundust í 14 af þeim 18 selstöðum sem skráðar voru í Helgafellssveit. Í Eyrarsveit má segja að þessar marghólfa rústir séu allsráðandi og fundust þær í öllum selstöðum þar sem rústir voru á annað borð sýnilegar með einni undantekningu þó, í Kirkjufellsseli. Aðalrústirnar í Eyrarsveit eru nokkuð frábrugðnar þeim sem fundust í Helgafellssveit að því leyti að í Helgafellssveit var vanalega um eina langa rúst að ræða þar sem herbergin lágu samsíða en í Eyrarsveit er ekki alltaf um langar rústir að ræða heldur raðast rýmin saman í einn hnapp.




Nokkrar af hinum umtöluðu marghólfa aðalrústum. Frá vinstri: Grundarsel í Grundarfirði, Selvellir í Helgafellssveit og Helgusel í landi Borgarlands, Helgafellssveit.

Í hinu forna Nesþingi má yfirleitt finna eina rúst sem sker sig frá öðrum hvað varðar stærð og fjölda rýma en þær eru hins vegar æði misjafnar að skipulagi líkt og sjá má á myndinni hér á næstu síðu.

Í fyrri skýrslu var munurinn á milli Eyrarsveitar og Helgafellssveitar skýrður með því að í Eyrarsveit getur sunnanáttin oft verið ansi slæm og mætti gera sér í hugarlund að betra hafi verið að byggja íveruhúsin í einum hnapp til að húsin gætu betur staðið af sér veturinn. Rústirnar eru þar að auki staðsettar þannig í landslaginu að þær fái sem best skjól fyrir sunnanáttinni. Selstöðurnar í hinum forna Neshreppi eru flestar byggðar í skjóli fyrir norðan- og norðaustanátt en ekki er svo að sjá að eitt ákveðið skipulag hafi verið ráðandi heldur að aðstæður á hverjum stað fyrir sig hafi ráðið þar mestu um. Dæmi um þess háttar má sjá í seljalandi Þæfusteins í Skarðslandi upp af Ausulágum þar sem lítið er um flatlendi og því hólfunum sex raðað samsíða í eina 20 m langa byggingu. Annað dæmi er að sel Gufuskála og Hraunskarðs í Prestahrauni innihalda fremur stakar rústir því rústirnar eru byggðar fyrir hella og gjótur og eins ofan í hraunbollum. Þrátt fyrir það má segja að marghólfa rústir hafi fundist í u.þ.b. helmingi seljanna eða á 11 stöðum.

Eins og áður hefur komið fram finnast þessar umtöluðu aðalrústir ekki eingöngu á norðanverðu Snæfellsnesi heldur um allt land og sums staðar eru slíkar rústir aðaleinkenni seljanna. Af fimm skráðum selstöðum í landi Reykjanesbæjar voru slíkar marghólfa rústir í þremur en í hinum tveimur voru tveggja hólfa rústir (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir 2008). Í rannsókn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur á selstöðum á þremur svæðum á Íslandi var svipaða sögu að segja (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:91). Í BA-ritgerð Albínu H. Pálsdóttur um selstöður, sem áður var vikið að, var tekinn saman heildarfjöldi hólfa eða herbergja í þeim selstöðum sem könnunin náði til. Þar komst höfundur að þeirri niðurstöðu að

meðalfjöldi hólfa eða herbergja í selstöðunum væri fimm, en langflest selin höfðu þrjú hól (Albína Hulda Pálsdóttir 2005:45).



Í fyrri skýrslum var sá möguleiki reifaður hvort hugsanlega mætti nota gerðfræði íslenska torfbæjarins til að skýra mun á selstöðum sem annaðhvort innihalda marghólfa rústir eða ekki. Þó að nýlega hafi verið settar fram tilgátur um mun flóknari mynd af þróun íslenskra

torfhúsa en áður hefur verið talið (sjá t.d. Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2011) eru meginlínurnar þó þær að á elstu bæjarstæðunum er að finna mörg lítil stök hús ásamt skála, líkt og á bæjarstæðum Hólms í Laxárdal á Suðausturlandi (Bjarni F. Einarsson 2008) og í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp (Karen Milek 2008:50). Eftir því sem fram liðu stundir sameinuðust litlu smáhýsin skálanum og til urðu afhýsi við hann og á endanum leiddi þessi þróun til gangabæjarins (sjá t.d. Hörður Ágústsson 1987; Guðmundur Ólafsson 1982). Í þessu samhengi var sett fram sú tilgáta að í elstu seljunum sé fremr um að ræða minni stakar rústir heldur en stærri marghólfa. Fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið á fornum selstöðum virðast styðja þessa tilgátu. Sumarið 2005 voru rannsakaðar í tengslum við mótvægisáðgerðir vegna virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka svokallaðar Pálstöftir. Stjórnandi uppgraftarins, Gavin Lucas (2007), taldi að þar hefði verið selstaða sem byggðist upp um miðja 10. öld en að hún hefði verið yfirgefin í lok þeirrar 11. Líklega hefur verið um tvö byggingarskeið eða kynslóðir selja að ræða. Í fyrri kynslóðinni er um að ræða mannabústað, lítið afhýsi og líklega skepnuhús en á því seinna hefur einu rými verið bætt við mannabústaðinn.

Önnur nýlega rannsökuð selstaða við Fossá við Úlfjósavatn hefur sömu sögu að segja. Við Fossá samanstendur selstaðan af þremur rústum, tveimur skálalaga, 8x14 m að stærð, og einni minni. Prufuholur voru grafnar í selstöðuna haustið 2010 og leiddu þær í ljós að annað stærri húsanna hefur verið mannabústaður en selstaðan hefur líklega verið í notkun á seinni hluta 10. aldar eða í byrjun þeirrar 11. (Bjarni F. Einarsson 2010). Að seinustu má nefna að hið sama virðist vera uppi á teningnum í Argisbrekku í Færeyjum. Selstaðan sem aldursgreind er til 10. og 11. aldar samanstendur af tveimur til þremur smáum húsum í hverri kynslóð (Mahler 2007).

Hvað selstöðurnar í Helgafellssveit varðar má segja að þær sem skráðar voru á Seljum, í Gautsstaðagróf og í Hraundal sem og selstaða Akureyja í Selhólum hafi allar verið túlkaðar sem þær elstu sem skráningin þar náði til en í öllum ofangreindum selstöðum voru rústirnar margar og stakar og engin marghólfa rúst á meðal þeirra. Selstöðurnar í Eyrarsveit voru nánast undantekningarlaust með eina marghólfa aðalrúst, aðeins selstaða Kirkjufells skar sig þar úr og voru flestar þessara selstaða túlkaðar í yngri kantinum, þ.e. frá þeim tíma sem *Jarðabókin* er tekin saman á 18. öld eða stuttu fyrir það. Byggingarefni rústanna ber einnig vitni um aldurinn því eldri rústirnar hafa tilhneigingu til að innihalda minna af grjóti en þær yngri. Þessar tilgátur koma nokkuð vel heim og saman við ritaðar heimildir sem benda til þess að seljabúskapur hafi verið að mestu aflagður í Helgafellssveit eftir aldamótin 1700 en ritaðar

heimildir í Eyrarsveit greina frá a.m.k. fimm selstöðum sem fóru í eyði á 19. öld (*Sýslu- og sóknarlýsingar* 1970:285). Þess ber að geta að grein Guðbrands Sigurðssonar um selstöður í Helgafellssveit var grundvallarheimild við leit að seljum þar og er ljóst að ekki hefðu allar selstöðurnar fundist án hennar hjálpar. Slík heimild var ekki til staðar í Eyrarsveit og því er líklegt að tilvist og staðsetning elstu seljanna þar sé fallin í gleymsku og því mögulegt að nokkur slík leynist á svæðinu.

Líkt og áður kom fram er skipulag hólfa og rústa æði misjafnt í þeim selstöðum sem skoðaðar voru í Nesþingi. Mismunandi aldur seljanna getur skýrt þennan mun að miklu leyti. Þær rústir sem telja má elstu rústirnar í Nesþingi eiga það sameiginlegt að vera skálalaga en þessar rústir eru í Löngulág, í Breiðadal og í Hestdal. Þessar rústir virðast allar vera mjög fornar og gætu rústirnar í Löngulág og í Breiðadal hæglega verið 10. eða 11. öld. Rústin í Hestdal er þó sennilega eitthvað yngri. Þessar rústir eru því elstu seljarústir á norðanverðu Snæfellsnesi og hafa skálarústir hvorki fundist í selstöðum í Helgafellssveit né Eyrarsveit. Við þetta má bæta að í Löngulág og í Hestdal voru einungis tvær aðrar rústir auk skálarústirnar og í Breiðadal var enga aðra rúst að finna. Með því að laga gerðfræðina að þessum niðurstöðum má því segja að allra elstu selin hafi skálalaga aðalrúst og afar fáar aðrar rústir. Önnur gömul sel hafa tilhneigingu til að hafa margar litlar rústir en yngstu selin marghólfa aðalrúst auk annarra rústa. Aðrar rústir sem skráðar voru í Nesþingi falla að þessari gerðfræði. Yngri selstöðurnar, t.d. í Kálfadal, upp af Ausulágum og yngri kynslóð Slögusels innihalda gjarnan marghólfa aðalrústir og þær sem eldri eru, t.d. önnur selstaðan í Fossdal, í Kálfadal og selstaða Skarðs undir Viðurhlíð hafa alla jafna fleiri stakar rústir.

#### **4.2. Selstaða eða býli**

Sums staðar getur, og hefur, reynst erfitt að skilja á milli selja og bæja. Sveinbjörn Rafnsson komst svo að orði þegar hann rannsakaði fornar búsetuminjar á Hrafnkeldal: „Erfitt er að greina milli fastrar búsetu allt árið og tímabundins seljabúskapar af rústunum sem þar sjást. Ekki síst vegna þess að gera má ráð fyrir að þarna hafi verið ýmist bæjar- eða seljabyggð“ (Sveinbjörn Rafnsson 1990:96). Alþekkt fyrirbrigði er að býli byggist upp úr fornum selstöðum og nægir þar að nefna t.d. Seljadal vestan við Reykjadal í Þingeyjarsveit þar sem mörg býli byggðust upp úr fornum selstöðum (Ásta Hermannsdóttir 2009). Þá er einnig algengt að yngri beitarhús séu á þeim stöðum þar sem eitt sinn voru sel.

Í Noregi hefur m.a. Bente Magnus glímt við spurninguna um hvort að tiltekinn staður sé selstaða eða býli. Í því tilviki, sem var frá yngri járnöld, var staðurinn að lokum túlkaður sem

selstaða því þar hafi ekki fundist smiðja, en smiðja hefur verið hverjum einasta járnaldarbónda lífsnauðsynleg (Magnus 1986). Hér er því hugsanlega komin þægileg leið til að skilja að býli og sel. Þessi aðgreining dugar þó skammt þegar betur er að gáð því dæmi eru um að járnsmíði hafi einnig farið fram í seljum líkt og rannsóknirnar á Argisbrekku (Mahler 2006) og á Pálstöftum (Lucas 2008) hafa leitt í ljós en slík útgerð hefur útheimt smiðju eða einhvern vísi að henni.

Að þessu sögðu mætti því spyrja hvort ekki kæmi til greina að einhver þeirra selstaða sem skráð var í Nesþingi hafi fremur verið býli en sel. Staðsetning rústanna, útlit þeirra og samsetning er þó með þeim hætti að afar ólíklegt er að nokkur þeirra hafi fremur verið býli en sel. Þar vegur einna þyngst staðsetning rústanna en afar fáar selstöður eru staðsettar á því sem kalla mætti undirlendi ef frá er talin selstaða Ingjaldshóls í Hólsdal. Allar selstöðurnar eru ýmis í fjallendi eða hrauni sunnan við heimajarðirnar og hefur á sumum stöðum verið afar snjóþungt á veturnum svo að búseta allt árið um kring hefur verið nánast óhugsandi. Þegar selstöðurnar í Eyrarsveit og Helgafellssveit voru skoðaðar með sömu formerkjum kom svipað í ljós, engin þeirra virtist hafa verið fremur býli en selstaða. Þó ber að geta þess að sel Horns á Selvöllum byggðist seinna upp sem býli, sem og selstaða Helgafells undir Valabjörgum, selstaða Bjarnarhafnar á Seljum og líklega selstaða Bjarnarhafnar á Ámýrum.

Í Eyrarsveit eru ekki mörg dæmi um að býli byggist upp úr fornum selstöðum. Aðeins eitt öruggt dæmi er um slíkt en það er hjáleigan Kolgrafarsel sem byggist upp úr landi selstöðu Kolgrafa í Eyrarbotni. Hugsanlegt er þó að einnig Berserkseyrarkot hafi tekið við af beitilandi því sem áður hafði verið undir selstöðu Berserkseyrar. Í Eyrarsveit virðist því vera það sama uppi á teningnum og í Helgafellssveit en þar voru einungis fáar selstöður sem byggðust upp sem býli. Á báðum þessum stöðum virðist sem svo að þeir bæir sem byggðu afkomu sýna á hefðbundnum búskap hafi haldist meira og minna þeir sömu í gegnum aldirnar en að þær sveiflur sem urðu á byggðinni hafi orðið að mestu leyti í eyjunum hvað Helgafellssveitina varðar en í þurrabúðum og kotum við strandlengjuna hvað Eyrarsveitina varðar. Vafalítið á hið sama við um Nesþing en höfundar að *Sögu Fróðárhrepps* hafa bent á að þegar lesnir eru saman máldagar kirkjunnar á Fróðá og hálfkirkjunnar í Mávahlíð, hvor um sig frá árinu 1355, kemur í ljós að jarðir í sókninni eru þá 12 talsins. Í *Jarðabókinni* frá árinu 1790 eru jarðirnar 13 talsins og þá nefnt að Bugsbæirnir hafi verið reistir tiltölulega nýlega (Jón Árni, Ólafur et al. 1988). Þetta þýðir ekki endilega að þessar jarðir hafi verið í byggð allan þennan tíma heldur að byggðin hafi verið orðin þétt þegar á 14. öld og að svæðið hafi

líklega ekki borið fleiri jarðir en þessar 12-13. Því má ætla að nýbýli hafi eingöngu verið grasbýli í gömlum seljalöndum til fjalla eða þurrabúðir niðri við sjóinn. Engin nýbýli eru reist úr seljalöndum þessara bæja, hvorki innan né utan Ennis, heldur virðist sem svo að ábátasamara hafi verið að freista gæfunnar við sjóinn.

### **4.3 Staðsetning seljanna**

Hvað varðar staðsetningu og staðhætti þeirra selstaða sem skráðar voru sumarið 2015 má segja að í flestum atriðum hafi staðarvalið verið svipað. Selin hafa verið sett niður í eignarlandi bæjanna en ekki á afrétti, rétt eins og ákvæði fornra laga kveða á um (*Grágás* 1992). Selin eru alla jafna staðsett upp við fjallsbrúnir, brekkurætur eða í hraunhvömmum þar sem fara saman einkum tveir þættir: gott aðgengi að grösugum högum og innrekstur skepna er auðveldur. Selstöðurnar eru flestar inni í dölum upp til fjalla og heiða, eða í jaðrinum á láglandinu inni í litlum dölum og flest eru selin auk þess staðsett nálægt rennandi vatni. Nokkuð erfitt hefur verið að ná í vatn í selstöðum Gufuskála sem skýrir líklega fjölda selstaða sem tilheyrt hafa jörðinni auk þeirra tveggja brunna sem skráðir voru við selstöðurnar í Prestahrauni. Eins og kemur fram í töflunni yfir helstu atriði seljanna (bls. 48) hefur fjarlægð selja frá bæ verið um 1 til tæplega 5 km. Þessi vegalengd er nokkuð áþekk því sem sést hefur í Helgafellssveit og í Eyrarsveit. Villandi getur þó verið að horfa eingöngu á fjarlægð frá bæ því mörg selin eru staðsett í fjallendinu og er á nokkrum stöðum tiltölulega örðugt að komast að þeim. Þetta á þó ekki vel við um selstöðurnar í Nesþingi heldur einkum selstöður í Eyrarsveit, s.s. Grafar á Grundarfjalli þar sem þarf að fara upp svokallaða Sneiðinga og selstöðu Látravíkur þar sem þarf að fara upp vestan í Víkurgili, auk selstöðu Hraunsfjarðar í Seljadal við Hraunsfjarðarvatn. Í öllum tilvikunum hefur verið erfitt að komast með búfénað, áhöld og vistir í selið, þó sýnu verst í tilfelli selstöðu Látravíkur.

Eitt atriði sem sérstaklega var horft eftir bæði í skráningunni nú sem og sumrin 2011 og 2012 var hvort og þá hvaða aðföng önnur en beitiland hafa verið lögð selstöðunum til grundvallar. Í Helgafellssveit voru dæmi um að fiskur í vötnum, skógur til kolagerðar og mýrarauði hafi í einhverjum tilvikum verið ákjósanleg aukabúgrein við hinn hefðbundna seljabúskap og í Eyrarsveit fundust vísbendingar um mótekju í Kverárseli undir Skjólsteinum, Setbergsseli á Fossafjalli og í Grundarseli en fleiri selstöður eru einnig í mólendi og ekki loku fyrir það skotið að mótekja hafi einnig farið þar fram. Í Nesþingi fundust ummerki um mótekju bæði við selstöðu Ingjaldshóls í Hólsdal og við selstöðu Þæfusteins upp af Ausulágum. Hins vegar hefur mótekjan í selinu tæpast þjónað þeim tilgangi að safna mó til

handa heimajörðinni því næg mótekja til eldiviðar var niðri á láglandinu (Sjá t.d. *JÁP* 1931-33:220). Því má ætla að mótekjan hafi fremur verið ætluð til notkunar í selinu. Að þessu sögðu er ekki að sjá að selstöðunum í Nesþingum hafi verið valinn staður með það fyrir augum að nýta einhver tiltekna auðlindir sem aukabúgrein. Beitolönd fyrir búsmala virðast hafa verið aðal drifkrafturinn í því sambandi. Mögulegt er þó að selstöðu Hrísa hafi verið valinn staður jafn nærri bæ og raun ber vitni (800 m) einmitt til þess að safna hrísi. Þegar hrísið hvarf hafa einnig forsendur seljabúskaparins brostið og selinu verið breytt í skepnuhús.

Að seinustu má nefna að margar þær selstöður sem nú hafa verið skráðar bæði í Helgafellssveit og í Eyrarsveit eru staðsettar nálægt alfaraleiðum. Í skýrslu I var t.d. sagt frá selstöðu Hrísa í Þórsárdal en gamla alfaraleiðin milli láglandis Helgafellssveitar og Álftafjarðar lá einmitt um Úlfarsfellsháls sem liggur skammt frá selinu. Í Eyrarsveit eru a.m.k. þrjár alfaraleiðir sem fara fram hjá selstöðum. Í Eyrarbotni eru selstöður Hallbjarnareyrar og Kolgrafa svo sem áður hefur komið fram. Þar er einnig gömul alfaraleið upp úr Eyrarbotni og inn í Hraunsfjörð í Helgafellssveit sem og leið á milli Eyrarsveitar og Staðarsveitar um Slitvindaskarð. Önnur leið lá frá Eyrarsveit og yfir í Staðarsveit en hún lá upp Arnardalinn og þaðan yfir á sunnanvert Snæfellsnesið, skammt frá seljum Kvernár og Setbergs á Fossafjalli.

Selstöðurnar í Nesþingi skera sig ekki úr hvað þetta atriði varðar. Framhjá Slöguseli liggur leiðin frá Fróðárhverfi til Breiðavíkur um Kambsskarð. Vað er á Slögu beint suður af selinu þar sem heitir Slöguvað. Þar sem leiðin heldur áfram um Skarðsvelli og Kambsskarð milli Hestsins og Einbúa er einnig skammt til selstöðunnar í Hestdal sem þá er um 1.5 km fyrir austan leiðina. Framhjá selstöðum Gufuskála í Prestahrauni liggur leiðin í gegnum hraunið, Prestahraungatan, sem hefur legið bæði niður að Gufuskálum og að Ingjaldshóli. Upp með selstöðum Vaðstakksheiðar og Foss við Kerlingarlækinn hefur þjóðleiðin um Ennisdalinn legið en áður en kirkja var sett að Ingjaldshóli þurftu bæirnir í Neshreppi utan Ennis að sækja prestþjónustu um þennan veg. Þá má einnig nefna leiðina upp á Jökulhálsinn, Jökulhálgötuna, sem legið hefur framhjá seli Þæfusteins upp af Ausulágum. Því virðist sem selstöðurnar á norðanverðu Snæfellsnesi hafi iðulega verið settar niður í alfaraleiðum en einnig má velta upp þeirri spurningu, hvort hafi komið fyrst, leiðirnar eða selin.

#### ***4.4 Hugmyndir manna um seljabúskap***

Í seinustu skýrslu var endað á almennri umfjöllun um seljabúskap á Íslandi, hverjar hugmyndir manna hafa verið um hann og hvernig þær selstöður sem skráðar voru í

Helgafellssveit og Eyrarsveit pössuðu inn í þá mynd sem dregin var upp. Hér birtist sá kafli aftur lítillaga breyttur í takt við það sem rannsóknir sumarsins 2015 hafa bætt við þekkinguna.

Seljabúskapur er vanalega talinn hafa borist hingað til lands með landnámsmönnum frá Noregi þar sem hann hafði verið stundaður allt frá yngri járnöld (600 - 1050 e. Kr.). Fyrrum var einnig talið að seljabúskapur hefði ekki borist til Færeyja en fornleifarannsóknir í Argisbrekku hafa nú staðfest að sú ályktun er röng og hefur seljabúskapur því líklega verið stundaður einnig þar allt frá landnámi (Mahler 2008). Fræðimenn hafa þó löngum verið sammála um hverjar meginástæður seljabúskapar hafi verið. Lars Reinton sem safnaði heimildum um seljabúskap í Noregi, skráði og gaf út í miklu þriggja binda verki sem ber titilinn *Seterbruket i Noreg* skilgreindi seljabúskapinn á eftirfarandi hátt (Reinton 1955-61; vitnað í gegnum Mahler 2008:329):

Sæterbruk er det når en gard (ein fast vinterbustad) har krøterne sine i summerbeite på ein stad eit stykke frå garden der der er husbæra og fast personale, så ein kan nytte vidder til beite, som regel óg til slátt og onnor førsankning, og så ein kan spara på heimemarkene og nå i betre beite, føde fleire krøter over vinteren og skaffe forråd til levemåten på den faste bustaden (garden).

Í aðalatriðum hafa íslenskir fræðimenn almennt verið sammála um að aðalástæða seljabúskapar fyrr á öldum hafi verið sú sama og í Noregi, þ.e. að nýta allt það tiltæka beitiland sem völ var á og hafi bændur því farið með lungann af búpeningi sínum, bæði ær og kýr, í selið þar sem ærnar voru mjólkaðar og unnið frekar úr mjólkinni (Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir 1989:79; Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991; Benedikt Eyþórsson 2008). Þess ber einnig að geta að löngum hefur verið talið að nautgriparækt, sérstaklega geldneytabúskapur, hafi skipað mun veigameiri sess í landbúnaðinum fyrstu árhundruð Íslandsbyggðar heldur en síðar varð (sjá t.d. Björn Þorsteinsson 1980). Fornleifarannsóknir virðast, enn sem komið er, styðja þessa tilgátu í meginráttum (sjá t.d. Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2011).

Þá er einnig algeng söguskoðun að seljabúskapurinn hafi verið fyrirferðamikill í upphafi byggðar en farið að dragast saman strax á síðmiðöldum áður en hann lagðist víðast hvar af þegar komið var fram á 18. og 19. öld (sjá t.d. Þorvaldur Thoroddsen 1919:209). Þessa viðhorfs, um gullöld seljabúskapar til forna, tók að gæta strax á 18. öld eins og eftirfarandi tilvitnum í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* ber augljóst vitni um: „Husbændur fluttu þá sjálfir í selin [yfir sumarið] og höfðu þau sem eins konar skemmtibústaði. Selin voru vel hýst, en tún og girðingar voru þar ekki. Meðan dvalizt var í selinu, stóðu bæirnir auðir að mestu, en þó var ein eða tvær hræður heima til að gæta þeirra“

(*Ferðabók Eggerts og Bjarna* 1981:104). Sú gullaldarsýn sem birtist hjá þeim Eggerti og Bjarna virðist fyrst og síðast snúast um umfang seljabúskaparins og að hann hafi verið mun umfangsmeiri fyrr heldur en seinna varð. Meginhugmyndin er að nánast allt heimilisfólkið hafi farið í selið til forna miðað við að í *Búalögum* frá 17. öld segir að „þrjár konur eigi að vera í seli þar sem eru 80 ær að mjólka og 12 kýr, með matselju“ (*Búalög* 1915-33:34). M.ö.o. er ekki gert ráð fyrir því að í seli séu fleiri en nokkrar konur og hugsanlega smali. Yngri heimildir frá 18. og 19. öld greina einnig frá nokkuð fámennum seljabúskap (sjá t.d. Bragi Sigurjónsson 1953; Benedikt Eypórsson 2008).

Við fyrstu sýn virðast fornar heimildir styðja þá hugmynd að seljabúskapurinn hafi verið mun umfangsmeiri til forna. Í *Laxdæla sögu* segir frá því að Bróka-Auður vildi vita hvernig háttaði til á Sæbóli og fékk þá þessar fréttir: „nú er breitt hvílugólf milli rúma þeirra Þórðar og Guðrúnar því að hún er í seli en hann heljast á skálasmíð og eru þeir Ósvífur tveir að veturhúsum“ (*Íslendinga sögur* IV:97). Orðalagið veturhús hefur gefið Gunnari Karlssyni, sagnfræðingi, tilefni til að álykta sem svo að selið hafi nánast verið annað heimili fólks (Gunnar Karlsson 2009:105). Þá mætti og nefna eftirfarandi lagaákvæði *Grágásar* þar sem gert er ráð fyrir því að allt heimilisfólk geti verið í seli á sama tíma: „ef menn eru í seljum, og er þar bú allt“ (*Grágás* 1992:81).

Benedikt Eypórsson tók þessar gullaldarhugmyndir nokkuð til bæna í nýlegri bók sem byggð er á MA-ritgerð hans í sagnfræði við Háskóla Íslands. Þar bendir hann réttilega á að þótt til séu sagnir í fornritunum um fjölmennar selfarir þá sé einnig að finna í fornritunum frásagnir af mun fámennari seljabúskap, t.d. í *Hrafnkels sögu Freysgoða* þar sem ekki virðist sem svo að í selinu hafi verið fleiri en smalamaður og nokkrar konur (Benedikt Eypórsson 2008:126). Hvað umfang seljabúskaparins varðar bendir Benedikt á að í landamerkjabréfi Helgafells frá öndverðri 13. öld sé kveðið á um hámarksfjölda búfjár í seli Bakkamanna í Gautsstaðagróf: „eigi skulu backa menn hafa fleira fe en. xij [12]. kyr. griðung ok Lxxx [80] asauðar“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:577). M.ö.o. gert er ráð fyrir sama fjölda búpenings í seli á 13. öld og seinna var gert í *Búalögum* á þeirri 17.

Í bók sinni leggur Benedikt til að í stað þess að segja sem svo að seljabúskapur hafi tekið stórkostlegum stakkaskiptum á síðmiðöldum hafi í raun allt frá landnámi verið tvö mismunandi kerfi, þ.e. annaðhvort voru menn með allt eða nær allt heimilisfólkið í seli eða að einungis nokkrir heimamanna hafi verið í seli (Benedikt Eypórsson 2008:127).

Ekki verður hér fullyrt um hvort tilgáta Benedikts eigi almennt við rök að styðjast en sé

hún borin saman við selstöðurnar á norðanverðu Snæfellsnesi verður að teljast að ólíklegt sé að þar hafi allt heimilisfólkið haft viðveru á sumrin. Rústirnar eru í flestum tilfellum bæði of fáar og of smáar til að hægt sé með góðu móti að ímynda sér að þar hafi getað hafst við á bilinu sjö til tíu manns líkt og Vilhjálmur Finsen og Björn M. Ólsen töldu að hefðu verið á meðalbýlum (sjá umfjöllun í Ólafur Lárusson 1929:345-346). Líklegra verður að teljast að selstöðurnar hafi verið fremur fámennar og fjöldinn frekar verið í átt við það sem *Búalög* kveða á um.

Meðal þess sem Lars Reinton setti fram í ritverki sínu um seljabúskapinn í Noregi var að til hafi verið nokkrar mismunandi gerðir selja. Til voru mjólkursel (d. *mælkesætre* n. *mjólkseter*), aðfangasel (eða sláttusel) (d. *høslesætre* n. *slåtterseter*) og alsel (d. *fuldtsætre* n. *fullseter*). Munurinn á þessum seljum felst í þeim athöfnum sem þar fóru fram og fjarlægð frá heimabænum. Þannig voru heimasel (n. *heimsetrar*) nálægt bæjunum en farið var til þeirra strax og voraði. Sumarselin (n. *sommarsetrar*) voru upp til fjalla eða í skógi en þar var aðeins viðvera yfir hásumarið en á milli þeirra voru millisel (n. *mellomsetrar*) (Reinton 1976; sjá einnig umfjöllun í Albína Hulda Pálsdóttir 2008:31). Mjólkurselin voru alla jafna styttra frá bæ en þangað voru bæði ær og kýr reknar og mjólkaðar. Mjólkin var þó ekki unnin frekar í selinu heldur var farið með hana aftur heim á bæ og hún fullunnin þar (Mahler 2008:331). Þetta fyrirkomulag tíðkaðist einkum í Vestur-Noregi þar sem sum sel voru staðsett svo nærri bæjum að hægt hefur verið að leggja af stað í selið á eftirmiðdegi, gefa kúnum og ánum, mjólka þær og fara svo með mjólkina heim á bæ morguninn eftir (Magnus 1983:101).

Aðfangaselin voru, eins og nafnið gefur til kynna, nýtt til að safna vissum aðföngum. Þau voru því alla jafna lengra frá bænum og nærri þeim auðlindum sem nýta átti, en hey til vetrarfóðurs og eldiviður var meðal þess sem safnað var. Þriðja gerð selja, alsel, sameinaði hlutverk hinna fyrrnefndu en þangað var kvikfé rekið og mjólkað en ekki var farið heim með afurðirnar heldur var unnið úr þeim í selinu. Þessi sel liggja oftast en ekki í eða nálægt skóglendi (Keller 1983:61). Í alseljunum var aðföngum, eins og eldivið og vetrarheyi, einnig safnað og auk þess var stunduð önnur vinna. Þessi sel voru nálægt því að hafa fasta búsetu á sumrin því þangað fór meginþorri vinnuafslsins á bæjunum (Reinton 1969).

Þessar norsku skilgreiningar hafa orðið til þess að íslenskir fræðimenn hafa reynt að sjá hvort íslenskur seljabúskapur hafi verið hliðstæður þeim norska. Eins og áður kom fram lagði Benedikt Eyþórsson fram þá tilgátu að bæði hafi verið fjölmennar og fámennar selfarir en einnig að seljabúskapurinn á Íslandi hafi einkennst af alseljum þar sem unnið var úr mjólkinni

í seljunum en framleiðslan flutt heim á bæ með reglulegu millibili (Benedikt Eyþórsson 2008:127-129). Guðrún Sveinbjarnardóttir hefur í nýlegri grein kveðið nokkuð fastar að orði og lagt til að í alseljunum (n. *fullseterbruk*) hafi verið full búseta á sumrin, í mjólkurseljunum (n. *melkeseterbruk*) hafi verið farið með mjólkina fram og til baka á hverjum degi en í aðfangaseljunum (n. *slåtteseterbruk*) hafi eingöngu verið safnað vetrarfóðri og þar hafi ekki þurft að hafa íveruhús (Guðrún Sveinbjarnardóttir 2008:229). Í rannsóknnum sínum á seljabúskap á þremur mismunandi svæðum á Íslandi hafði hún þó hafnað þeirri tilgátu að seljabúskapurinn á Íslandi hafi verið skiptur með sams konar hætti og sá norski (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1990:91).

Hér verður ekki gerð tilraun til þess finna hinum norsku selstöðum stað í íslenskri fornleifafraeði en með hliðsjón af þerri fjölbreyttu nýtingu sem tíðkaðist í Noregi má þó spyrja hvort ekki sé möguleiki á að hið sama hafi verið uppi á teningnum annars staðar. Ditlev Mahler sem rannsakað hefur selstöðuna Argisbrekku í Færeyjum hefur sagt að í selinu hafi, auk skepnuhalds, bæði farið fram vinnsla á afurðum sem fundust í og við selið og á afurðum sem fólk hafði með sér í selið. Dæmi um þann starfa sem Mahler taldi að fólk hafi haft í Argisbrekku var (Mahler 2008:330):

indsamling af vinterbrændsel, torveskæring, trækulsproduktion og jernudvinding, fiskeri og bearbejdning af uld eller andre materialer til videre forarbejdning. Bortset fra bearbejdning af medbragte halvferdige produkter, typisk uld, er det kun lokalområdets ressourcer, der sætter grænsen for hvilke sideaktiviteter, der er foregået på stederna.

Einnig má nefna að Argisbrekka er við bakka þriðja stærsta stöðuvatns Færeyja, Eiðisvatns, og í vatninu voru áður fyrr veiðar á urriða. Ljóst er því að umfang starfseminnar í Argisbrekku var mun meira heldur en hugmyndir um seljabúskap sem samanstóð aðallega af mjólkurvinnslu gefa færi á (Mahler 2008:26-27).

Í framhaldi má þá spyrja hvort sami fjölbreytileiki hafi þekkst á Íslandi. Hugsanlegt er að rekja megi mismunandi staðsetningar seljanna til þess hvaða aðföng, önnur en beitihagar, voru í nágrenni þeirra. Eins og fram hefur komið áður voru aðföng einn af þeim hlutum sem athugaður var sérstaklega þegar selstöðurnar þegar selstöðurnar á norðanverðu Snæfellsnesi voru skráðar. Aðföng önnur en beitalandið hafa m.a. verið fiskur í vötnum eða sjó, skógur til kolagerðar, slægjur, mýrarauði (allt bundið við Helgafellssveit), mótekja (virðist hafa verið eingöngu í Eyrarsveit og Nesþingi) að ógleymdri berja og fjallagrasatínslu sem ólíklegt er annað en að hafi verið stunduð í báðum þessum sveitum. Hugsanlegt er þó að slægjur hafi verið aðföng í fleiri seljum en eingöngu í Helgafellssveit, en einungis þar fannst heystæði nálægt seli.

Við nánari athugun má einnig sjá að í fornritunum geta verið ákveðin minni um þennan fjölbreytileika í seljabúskapnum. Í *Hrafnkels sögu Freysgoða* er sagt frá því þegar Einar Þorbjarnarson vill bjóðast til vistar hjá Hrafnkeli sem svarar honum svo: „Þú skalt reka heim fimm tigi ásauðar í seli og víða heim öllum sumarviði“ (*Íslendinga sögur* X:83). Hér gæti sagan verið að greina frá því að auk þess að hafa kvikfé í seli hafi þar verið safnað víði á sumrin eins og nafnið *sumarviður* bendir til. Yngri heimildir um seljabúskap gera einnig ráð fyrir því að fólk hafi haft ýmsan annan starfa í seli en eingöngu þann er laut að skepnuhaldi og mjólkurvinnslu. Séra Guðlaugur Sveinsson prestur í Vatnsfirði taldi m.a. upp þau störf önnur en tengdust skepnuhaldi sem hægt væri að vinna í seli, t.d. heyöflun, grasatekju og kolagjörð (Guðlaugur Sveinsson 1786:198-199). Við fornleifarannsóknir á Pálstóftum hefur enn fremur komið í ljós að auk hefðbundins skepnuhalds mátti af fundaflórunni ráða, bæði beinum og gripum, að fuglaveiði hefur líklega verið stunduð þar sem og járnsmíði og jafnvel skartgripagerð (Batey 2007).

Ekki hafa þó allir verið sammála þeirri túlkun að Pálstóftir séu minjar um forna selstöðu. Gunnar Karlsson hefur dregið þá ályktun að þar hafi verið heilsársbúseta vegna þess að eldstæði voru í íveruhúsunum og heystæði við tóftirnar: „Mér finnst ólíklegt að seljafólk hafi ómakað sig á að halda eldi lifandi í húsum sínum yfir hásumarið, en enn þá ólíklegra að það hafi stundað heyskap“ (Gunnar Karlsson 2009:107). Ekki virðist þó vera tilefni til að hafna seljatilgátunni eingöngu út frá þessum rökum sem eru fullkomlega úr lausu lofti gripin og beinlínis röng. Eldstæði eru ekki einungis notuð til upphitunar, eldunar eða sem ljósgjafar heldur hafa eldstæði verið nauðsynleg fyrir þá framleiðslu eða vinnslu sem fram fór á svæðinu eins og ummerki um járnsmíði benda óneitanlega til. Hér má þó nefna ekkert eldstæði fannst í þeim fjórum rústum rannsakaðar voru með prufuholum í Gautsstaðagróf sumarið 2012. Hvað hitt atriðið varðar, það að menn hafi ekki ómakað sig við að safna heyi í seljum, sýnir það einmitt hversu þröngt seljabúskapur hefur verið skilgreindur á Íslandi hingað til. Heimildir bæði frá Noregi og Íslandi greina frá því að heyöflun hafi verið viðamikill þáttur í seljabúskapnum og svo virðist vera að a.m.k. í öðru Svelgsárselinu í Helgafellssveit hafi verið stundaður heyskapur, eins og heytóftin sem líklega er tengd annarri kynslóð selstöðunnar ber vitni um. Engin slík heytóft fannst tengd seljum í Eyrarsveit enda víðast hvar um örðugan veg að fara frá selinu heim á bæ. Hið sama gildir raunar um Nesþing og Eyrarsveit, engar rústir fundust sem við fyrstu sýn virðast hafa verið heytóftir. Hins vegar eru heimildir um a.m.k. ein selstaðan hafi verið notuð til slægna eftir að seljabúskapur leggst þar af, selstaða Ingjaldshóls í Hólsdal (*Ö-Ingjaldshóll* 1).

Að lokum má segja að hið sama gildi norðanvert Snæfellsnesið, sem og marga aðra staði seinna meir, að seljabúskapur var einkum stundaður, og helst undir það seinasta, frá stórbýlum og prestsetrum. Allir þeir bæir á norðanverðu Snæfellsnesi sem hafa selstöður í *Jarðabókinni* eru vel stöndugir; meðalbýli eða stórbýli.<sup>2</sup> Helsta ástæða þessa hefur líklegast verið sú að einungis þessi býli gátu leyft sér að senda hluta af heimilisfólkinu í selið yfir sumartímann, slíkum mannaforráðum hafi einfaldlega ekki verið til að dreifa þar sem fáir voru í heimili. Að hafa í seli hefur því verið útgerð sem útheimt hefur töluverðan kostnað til að hægt væri að njóta góðs af henni.

## 5. Lok rannsóknar

Verkefninu Seljabúskapur á Norðanverðu Snæfellsnesi er nú lokið í bili. Lagt var upp með að skrá allar þekktar selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi sem og aðrar þær er kynnu að verða á vegi rannsakenda. Þegar uppi var staðið urðu selstöðurnar 49 og fornleifarnar 204 sem skráðar voru. Vafalaust er þetta þó ekki tæmandi listi því eðli fornleifaskráningar er að henni er aldrei að fullu lokið. Skráningarmönnum getur yfirsést og hlýtur að yfirsjást þegar aðeins gefst tími til að heimsækja hverja selstöðu einu sinni en auk þess eru fornleifarnar hluti af síbreytilegu landslagi þar sem gróðurfar, ár og vindar hafa áhrif á sýnileika fornleifanna. Sumar hverfa á meðan aðrar birtast. Lagt var upp með heldur umfangsmeiri uppgreftri í seljum en raunin varð. Fyrir þessu liggja fyrst og fremst hagnýtar skýringar en erfitt er að koma uppgrafarbúnaði í margar af þessum selstöðum og skortur á sögulegum gjóskulögum eykur þörfina á því að finna viðarkol eða fræ sem nota megi til aldursgreiningar. Ekki er loku fyrir það skotið að í framtíðinni megi gera frekari rannsóknir með uppgreftri á þeim selstöðum sem skráðar hafa verið. Þessi lokaskýrsla verkefnisins er því ekki endirinn á skráningu og rannsóknum á seljabúskapi á norðanverðu Snæfellsnesi heldur einungis byrjunin.

---

<sup>2</sup> Helgafellssveit: Svelgsá 20 hundruð, Helgafell 60 hundruð, Drápuhlíð 40 hundruð, Staðarbakki 30 hundruð, Kóngsbakki 16 hundruð, Berserkjahraun 20 hundruð, Horn 12 hundruð, Hraunsfjörður 12 hundruð, Akureyjar 24 hundruð (*JÁP* 19311933:314-342).

Eyrarsveit: Berserkseyri 24 hundruð, Kolgrafir 16 hundruð, Hallbjarnareyri 40 hundruð, Setberg 12 hundruð, Grund 20 hundruð, Kverná 20 hundruð, Gröf 20 hundruð, Kirkjufell 40 hundruð, Látravík 16 hundruð (*JÁP* 1931-33:259-309).

Neshreppur innan Ennis: Ólafsvík 16 hundruð, Fróðá 16 hundruð (40 að fornu með öllum hjáleigum), Brimilsvellir 40 hundruð (tvíbýli), Hrísar 16 hundruð, Mávahlíð 32 hundruð (*JÁP* 19311933:200-258).

Neshreppur utan Ennis: Gufuskálar 16 hundruð, Hraunskarð 16 hundruð, Hella 16 hundruð, Þrándarstaðir 12 hundruð, Kjalvegur 10 hundruð, Ingjaldshóll 20 hundruð, Þæfusteinn 8 hundruð, Skarð 16 hundruð, Vaðstakksheiði 16 hundruð, Sveinsstaðir 16 hundruð.

Gjarnan er miðað við að stöndugt meðalbýli hafi verið 12 hundruð (Einar Laxness 1995:213).

## 6. Heimildaskrá

- Albína Hulda Pálsdóttir (2005). *Segðu mér sögu af seli. Fornleifafræðileg úttekt á íslenskum seljum*. Ritgerð til B.A. prófs í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Árni Thorlacius (1886). Skýringar yfir örnefni í Landnámu og Eyrbyggju, að svo miklu leyti, sem við kemur Þórnes þingi hinu forna. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* II. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag:277-98.
- Batey, C. (2007). Finds. Í Lucas, G. (ritstj.) *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005*. Reykjavík: Fornleifastofnun ses. og Landsvirkjun.
- Benedikt Eypórsson (2008). *Búskapur og rekstur Staðar í Reykholti 1200-1900*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Bjarni F. Einarsson (1997). *Írskubúðir og Hákonarhóll: prufurannsóknir á víkingaaldar eyðibýli og kumli undir Jökli í Snæfellsbæ á Snæfellsnesi*. Reykjavík: Bjarni F. Einarsson og Snæfellsbær.
- Bjarni F. Einarsson (2000). *Írskubúðir: landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi: skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999*. II skýrsla. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson (2010). *Rústir í landi Úlfjótsvatns. Fornleifarannsókn á fornri útstöð hjá Fossá í Grafningi. Fornleifar nr. 65:1-3. Skýrsla I*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag (2010). *Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2009*. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifafræðistofan.

- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag (2011). *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2010*. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifafræðistofan.
- Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir (1989). Norska öldin. Í Sigurður Líndal (ritstj.). *Saga Íslands IV*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag:61-261.
- Bragi Sigurjónsson (1953). *Göngur og réttir*. V. bindi. Eftirsafn frá hausti til hausts. Akureyri: Norðri:
- Búalög* (1915-1933). *Um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap á Íslandi*. Reykjavík: Sögufélag.
- Byggðir Snæfellsness* (1977). Stykkishólmur: Búnaðarsamband Snæfellinga.
- Einar Laxness (1995). *Íslandssaga A-Ö*. Reykjavík: Vaka Helgafell.
- Eiríkur G. Guðmundsson, Jón Á. Friðjónsson og Ólafur Ásgeirsson (1988). *Saga Fróðárhrepps*. 1. bindi. Sjávarbyggð undir jökli. [án útg. staðar]: Átthagafélag Fróðhreppinga.
- Ferðabók Eggerts og Bjarna* (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Steindór Steindórsson íslenskaði. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Grágás* (1992). *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og Menning.
- Guðbrandur Sigurðsson (1957). Séð upp til selja. Fornar seltóftir í Helgafellssveit. *Breiðfirðingur* 16, bls. 64-76.
- Guðlaugur Sveinsson (1786). Um selstöður og þeirra nytsemi. *Tímarit Hins íslenska lærdómslistafélags* 6:196-204.
- Guðmundur Ólafsson (1982). *Torfbærinn. Frá eldaskála til burstabæjar. Sýning á Þjóðminjasafni Íslands 1982*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir (1991). Shielings in Iceland. An Archaeological and Historical Survey. *Acta Archaeologica* 61:73-96.

Guðrún Sveinbjarnardóttir (2008). Shielings in Iceland revisited: a new project. Í Paulsen, C. og Michelsen, H.D. (ritstj.). *Símunarbók. Heiðursrit til Símun V. Arge á 60 ára degnum. 5. september 2008*. Þórshöfn: Fróðskapur - Faroe University Press:222-231.

Gunnar Karlsson (2009). *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar*. Handbók í íslenskri miðaldasögu III. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hitzler, E. (1979). *Sel. Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Oslo: Universitetsforlaget.

Hörður Ágústsson (1987). Íslenski torfbærinn. Í Frosti F. Jóhannesson (ritstj.). *Íslensk Þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi*. Reykjavík: Þjóðsaga.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum = Íslenzkt fornbréfasafn: sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. I (1857-76)*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

II (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

III (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

IV (1897). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

VI (1900-1904). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

XII (1923-32). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslendinga sögur I* (1981). *Landssaga og Landnám*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslendinga sögur III* (1981). *Snæfellinga sögur*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslendinga sögur IV* (1981). *Breiðfirðinga sögur*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslendinga sögur X* (1981). *Austfirðinga sögur*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslensk orðabók* (2002). Reykjavík: Mál og Menning.

*JÁP* (1931-1933). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. V. bindi. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslur. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Jónas Jónasson (1945). *Íslenzkir þjóðhættir*. 2. útg. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Reykjavík: Ísafold.

*Jónsbók* (2004). *Lögbók Íslendinga. Hver samþykkt var á Alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*. Már Jónsson tók saman. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Keller, K. (1983). Gård og seter på Grønland - et forsøk på å analysere ressurstilgangen ved hjelp av satelettbilder. Í Guðmundur Ólafsson (ritstj.). *Hus, gård og bebyggelse. Föredrag från det XVI nordiska arkeologmötet, Island 1982*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands:59-66.

*Kortabók* (2000). Reykjavík: Mál og Menning.

Kristborg Þórsdóttir (2014). *Aðalskráning fornminja á Gufuskálum á Snæfellsnesi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Kristján Eldjárn (1951). Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1949-50*:102-119.

*Landnámabók* (1981). *Íslendinga sögur I*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Lilja Björk Pálsdóttir (2013). *Under the glacier: 2012 archaeological investigations on the fishing station at Gufuskálar, Snæfellsnes*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Lucas, G. (2007). *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005*. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifastofnun Íslands (ses).

Magnus, B. (1983) Seterdrift i vest-Norge i yngre jernalder? En foreløpig rapport om en undersøkelse. Í Guðmundur Ólafsson (ritstj.). *Hus, gård og bebyggelse. Föredrag från det XVI nordiska arkeologmötet, Island 1982*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands:93-104.

Mahler, Ditlev. L. (2008). *Sæteren ved Argisbrekka. Økonomiske forandringer på Færøerne i*

*vikingetid og tidlig middelalder*. Þórshöfn: Fróðskapur.

*Manntal á Íslandi 1703* (1924-27). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Milek, K. (2008). *Vatnsfjörður 2007. Framvinduskýrslur / Interim Report*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (ses).

Ólafur Elímundarson 2003. *Undir bláum sólar sali*. Jökla hin nýja: úr sögu Breiðavíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis 2. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Lárusson (1929). Úr byggðarsögu Íslands. *Vaka. Tímarit handa Íslendingum* 3:319-369.

Reinton, L. (1955-1961). *Sæterbruket i Noreg*. Oslo: Aschehoug.

Reinton, L. (1976). *Til seters. Norsk seterbruk og seterstell*. Oslo: Det norske samlaget.

Sveinbjörn Rafnsson (1990). *Byggðaleifar í Hrafnkeldal og á Brúardölum*. Rit hins íslenska fornleifafélags I. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

*Sýslu- og sóknalýsingar* (1970). *Hins íslenska bókmenntafélags*. Snæfellsnes III. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Snæfellingaútgáfan.

Þorvaldur Thorodssen (1919). *Lýsing Íslands* III. bindi. Landbúnaður á Íslandi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

### **Óprentaðar heimildir:**

Ásta Hermannsdóttir (2009). *Fornleifar á eyðidal: skráning og kynning á fornum minjum í Seljadal*. Óbirt skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Lilja Björk Pálsdóttir (2009). Rannsókn fiskbyrgja á Gufuskálum og Selatöngum. *Hugsandi*. <http://hugsandi.is/articles/rannsokn-fiskbyrgja-a-gufuskalum-og-selatongum/> (sótt 02.08.2014).

Ö- *Brimilsvellir* 1. Örnefnaskrá *Bimilsvalla* 1. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Ö- *Fagrahlíð* 1. Örnefnaskrá *Fagurhlíðar* 1. Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Fróðá* 2. Örnefnaskrá *Fróðár* 1. Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Fróðá 3. Örnefnaskrá Fróðár 3.* Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Gufuskálar 3. Örnefnaskrá Gufuskála 3.* Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Hrísar 1. Örnefnaskrá Hrísa 1.* Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Ingjaldshóll 2. Örnefnaskrá Ingjaldshóls 2.* Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Ingjaldshóll 3. Örnefnaskrá Ingjaldshóls 3.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Ö- *Mávahlíð 1. Örnefnaskrá Mávahlíðar 1.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Ö- *Gufuskálar 3. Örnefnaskrá Gufuskála 3.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

Ö- *Skarð 3. Örnefnaskrá Skarðs 3.* Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Ólafsvík 1. Örnefnaskrá Ólafsvíkur 1.* Reykjavík: Örnefnastofnun

Ö- *Vaðstakksheiði og foss 1. Örnefnaskrá Vaðstakksheiðar og Foss 1.* Reykjavík:  
Örnefnastofnun.

Þjóðskjalasafn Íslands (2015). *Manntalsvefur*. <http://manntal.is/> (skoðað 02.08.2014).

## **7. Fornleifaskrá**